

# KONUR Í VÍSINDUM Á ÍSLANDI



Menntamálaráðuneytið  
mars 2002

## **Konur í vísindum á Íslandi**

***Menntamálaráðuneytið  
Mars 2002***

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir 27

Mars 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 560 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Umbrot og  
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið og Hagstofa Íslands

Kápuhönnun: XYZETA ehf.

Prentun: Gutenberg

© 2002 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-85-9

## Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Vísindin og hin kynjaða vídd .....	6
Vísindi og kynjaskekkja .....	6
Konur og vísindi á vettvangi Evrópusambandsins .....	7
Samantekt .....	11
Umgjörð rannsókna á Íslandi .....	11
Íslenskur vinnumarkaður .....	11
Jöfn staða kvenna og karla í íslensku lagaumhverfi .....	12
Uppbygging háskólastigsins og vísindastarfsemi .....	13
Samantekt .....	16
Tölfræðileg samantekt um menntun íslenskra kvenna .....	16
Framhaldskólastigið .....	17
Nemendur á háskólastigi .....	18
Brautskráðir á háskólastigi .....	20
Brautskráðir doktorar .....	22
Samantekt .....	23
Konur í rannsóknum og þróun .....	23
Fjöldi kvenna í rannsóknum og þróun .....	24
Konur í rannsóknastörfum í háskólum .....	27
Úthlutanir styrkja til rannsókna .....	28
Rannsóknavirkni .....	33
Samantekt .....	33
Stjórnkerfi rannsókna og vísinda .....	34
Stjórn ríkisins á sviði vísinda og rannsókna .....	34
Háskólaráð .....	34
Stjórn RANNÍS, fagráð og úthlutunarnefndir .....	35
Aðrar stjórnir .....	36
Samantekt .....	37
Helstu niðurstöður .....	37
Leiðir til að fjölga konum í vísindum .....	38
Markmið .....	38
Kyngreindar tölfræðiupplýsingar .....	39
Breyting á staðalmynd vísindanna .....	39
Lærimeistarar .....	40
Jöfnun fjölskylduábyrgðar .....	40
Efling framhaldsnáms á Íslandi .....	41
Efling kynjarannsókna .....	41
Netverk vísindakvenna .....	41
Lokaorð .....	42
Töfluyfirlit .....	43



## Formáli

Í þessari skýrslu er dregin upp mynd af stöðu kvenna í vísindum á Íslandi. Upplýsingarnar sem skýrslan byggir á voru teknar saman af nefnd um konur og vísindi sem skipuð var af menntamálaráðherra vorið 2000. Upplýsingaöflunin var m.a. liður í viðamiklu mati á því hvort jafnréttisjónarmiða hefði að fullu verið gætt í fimmtu rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði rannsókna. Íslandi var boðin þátttaka í verkefninu þar sem það var aðili að rammaáætluninni.

Frá því að nefndin hóf störf hefur hún safnað saman margvíslegum gögnum og hefur hluti þeirra verið tekinn inn í vinnu Evrópusambandsins á þessu sviði. Tilgangur skýrslunnar er hins vegar að miðla upplýsingum sem nefndin hefur safnað, til þeirra sem áhuga hafa og bera ábyrgð á þessum málaflokkum á Íslandi. Starf nefndarinnar og upplýsingaöflun á hennar vegum nýtist einnig á innlendum vettvangi við stefnumótun á sviði vísinda og rannsókna.

Í meginmáli skýrslunnar eru birtar helstu niðurstöður þeirra tölfræðilegu gagna sem nefndin hefur safnað. Tölfræðileg fylgir einnig skýrslunni en þar er að finna margs konar ítarefni. Við öflun tölfræðilegs efnis hefur víða verið leitað fanga og hefur nefndin átt gott samstarf við marga aðila. Tölur um mannfjölda, vinnumarkað, menntun, nemendur, brautskráða og starfslið á háskólastigi eru fengnar hjá Hagstofu Íslands. Starfsmenn Rannsóknarráðs Íslands (RANNÍS) létu í té margvíslegar upplýsingar um þá sjóði sem að ráðinu snúa sem og um nefndir og ráð á vegum þess. Þá lét RANNÍS einnig í té efni úr könnun sem það gerði árið 2000 um starfandi fólk við rannsóknir og þróun. Skrifstofa rannsóknasviðs Háskóla Íslands miðlaði efni um Rannsóknasjóð Háskólans og um grunnmat rannsóknastiga. Einnig fengust upplýsingar frá skjalasafni Háskólans um útskrifaða doktora frá Háskóla Íslands. Leitað var til allra starfandi háskóla til að fá upplýsingar um skipan háskólaráða síðustu árin og sömuleiðis til rannsóknastofnana atvinnulífsins vegna stjórna þeirra. Af hálfu nefndarinnar voru unnar tölur um nýútskrifaða doktora úr *Árbókum Hins íslenska Þjóðvinafélags*. Fleiri heimildir hafa og verið nýttar þó þeirra sé ekki getið sérstaklega hér.<sup>1</sup>

Nefndin um konur og vísindi þakkar öllum þeim sem veittu henni upplýsingar og aðstoð. Nefndin er þannig skipuð:

Hellen M. Gunnarsdóttir, formaður, skipuð af menntamálaráðuneytinu.  
Sigríður Vilhjálmsdóttir, tilnefnd af Hagstofu Íslands.  
Dr. Stefanía Óskarsdóttir, tilnefnd af Konum og lýðræði, forsætisráðuneytinu.  
Þórunn Pálsdóttir, veðurfræðingur, tilnefnd af Rannsóknarráði Íslands.  
Dr. Þorgerður Einarsdóttir, tilnefnd af Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

<sup>1</sup> Hluti tölfræðiefnisins hefur verið birtur áður þótt með öðrum hætti sé. Annað efni er nýtt. Í öllum tilvikum er leitast við að greina upplýsingarnar eftir kyni.

## Vísindin og hin kynjaða vídd

Hér er fjallað um hlut kvenna í rannsóknum á Íslandi. Upphaf verkefnisins má rekja til áætlunar Evrópusambandsins sem miðar að því að auka hlut kvenna í vísindum því talið er að full nýting mannauðs auki hagvöxt og velferð. Þetta er í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda sem hafa sett sér það markmið að tryggja jafna stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi, efla menntun og rannsóknir og stuðla að áframhaldandi hagsæld á Íslandi.

Í köflunum sem á eftir koma eru birtar tölfræðilegar upplýsingar sem varpa ljósi á stöðu kvenna í vísindum og rannsóknum á Íslandi. Birtar eru upplýsingar um menntun Íslendinga. Þar eru einnig birtar tölur um hlutfall kvenna og karla sem sinna rannsóknum við æðri menntastofnanir, opinberar stofnanir, sjálfseignastofnanir og innan fyrirtækja. Þá er að finna upplýsingar um úthlutanir úr rannsóknasjóðum á sviði vísinda og tækni. Stjórnkerfi stefnumótunar í vísindum er einnig stuttlega lýst og birt yfirlit um fjölda kvenna í ýmsum stjórnnum og ráðum sem móta stefnu á sviði vísinda og rannsókna. Í lokakafla skýrslunnar er að finna stutta samantekt á helstu niðurstöðum og ábendingar til þeirra sem móta íslenska vísindastefnu og annarra þeirra sem eru leiðandi í vísindum.

Ekki er gerð tilraun til að meta gæði rannsókna á Íslandi. Tölfræðilegar upplýsingar eru notaðar til að varpa ljósi á umfang og þátttöku kvenna í samanburði við karla í vísindum og rannsóknum á Íslandi.

## Vísindi og kynjaskekkja

Lengi vel var hin vísindalega aðferðafræði að mestu hafin yfir gagnrýni svo fremi sem vísindamenn skýrðu frá niðurstöðum sínum á hátt sem þótti trúverðugur, m.a. með tilvísan í verk annarra vísindamanna og með ábyrgri skráningu og birtingu á niðurstöðum sínum. Hinn góði vísindamaður var álitinn hlutlaus greinandi þeirra upplýsinga sem hann safnaði. Hlutleysiskrafa vísindanna birtist t.d. í þeirri skoðun að mikilvægt sé að vísindamaðurinn standi ekki í hringið þeirra atburða sem hann lýsir og greinir.<sup>2</sup>

Þetta viðhorf til vísindanna hefur þó breyst mikið á síðari árum. Sýnt hefur verið fram á að þekkingarsköpun á sér ávallt stað í sögulegu, menningarlegu og félagslegu samhengi. Menningarbundnar hugmyndir samfélagsins, viðhorf og tungutak hafa t.d. mótandi áhrif á val á vísindalegum viðfangsefnum og hvernig fólk í vísindum nálgast þau. Að sama skapi hafa viðhorf og tungumál einnig áhrif á túlkun á gögnum og niðurstöðum.<sup>3</sup>

Sífelld fleiri hallast að því að það sé goðsögn að vísindin séu hlutlaus og kynlaus. Þess í stað vex þeirri skoðun fylgi að vísindin endurspegli líf og samfélagslegan veruleika þeirra sem ástunda þau. Af þessu leiðir t.d. að ef karlar eru í meirihluta þeirra sem sinna vísindastörfum er hætta á að vísindin birti skekka mynd. Áhrifaleysi kvenna í vísindum hefur jafnframt í för með sér að samfélagið fer á mis við hugmyndir þeirra og að fjárfesting skattgreiðenda í menntun kvenna skilar e.t.v. ekki sambærilegum arði og menntun karla.

<sup>2</sup> Hér er hægt að nefna sem dæmi fræg varnaðarorð þýska félagsfræðingsins Max Weber.

<sup>3</sup> Helen Longino (1990) *Science as Social Knowledge. Values and Objectivity in Scientific Inquiry*. Princeton University Press, Princeton, New Jersey.

Áþreifanlegar vísbendingar um að kynjaskekkja (e. gender bias) sé til staðar í vísindum komu m.a. fram í niðurstöðum rannsóknar þeirra Agnes Wold og Christine Wennerås í grein sem birtist í *Nature* árið 1997. Í stuttu máli sýndu þær fram á að karlar höfðu notið jákvæðrar mismununar við úthlutun styrkja úr Vísindasjóði heilbrigðisvísinda í Svíþjóð (Medicinska forskningsrådet). Til að fá styrk úr sjóðnum þurftu konur að hafa birt 2,5 sinnum fleiri vísindagreinar en karlar. Þá þurftu þær að hafa fleiri tilvitnanir en karlar. Karl sem vitnað var í 0-4 sinnum á ári í alþjóðlegum tímaritum átti meiri möguleika á styrk en kona sem hafði fleiri en 15 tilvitnanir á ári. Þá var einnig eftirtektarvert að karlar sem höfðu fengið þá umsögn að umsókn þeirra væri „ekki mjög áhugaverð“ áttu meiri möguleika á styrk en konur sem höfðu fengið þá umsögn að umsókn þeirra væri „mjög áhugaverð“.<sup>4</sup> Niðurstöður Wold og Wennerås vöktu mikla athygli og hrundu af stað umræðum um kynferði og jafnréttismál innan hins alþjóðlega vísindasamfélags.

Könnun MIT (Massachusetts Institute of Technology) árið 1999 vakti einnig athygli á stöðu kvenna í vísindum. Í úttekt MIT meðal starfsmanna kom í ljós að konur sátu ekki við sama borð og karlar. Þær höfðu lakari vinnuáðstöðu en karlar og karlar höfðu forskot á konur við framgang og úthlutun styrkja úr sjóðum háskólans.<sup>5</sup>

Átak til að tryggja jafnrétti á sviði vísinda og rannsókna snýst ekki einvörðungu um að standa vörð um réttindi allra þegna óháð kynferði. Samþætting jafnréttis-sjónarmiða er aðferð til að efla sjálf vísindin og fullnýta mannauð kvenna og karla þar sem menntun og þekking kvenna virðist oft fara forgörðum við núverandi aðstæður.

## Konur og vísindi á vettvangi Evrópusambandsins

Stefna Evrópusambandsins er að fjölga þeim sem sinna rannsóknum og sérstaklega að greiða leið kvenna til þess að stunda rannsóknir þar sem tölfræðin sýnir að brottfall kvenna er mikið. Leita þarf leiða til að fyrirbyggja brottfall þeirra kvenna sem þegar eru í vísindum og ennfremur að leita nýrra leiða til að laða fleiri til náms í vísindum, ekki síst ungar stúlkur. Talið er nauðsynlegt að huga að aðgerðum sem auðvelda fólki að sameina fjölskylduábyrgð og vinnu við rannsóknir. Einnig er talið mikilvægt að vinna gegn staðalmyndum um vísindin og því hverjir stundi þau.

Ráðherraráð Evrópusambandsins samþykkti í byrjun árs 1999 áætlun um að efla stöðu kvenna í rannsóknum og vísindum.<sup>6</sup> Áætlunin er liður í því að efla í senn rannsóknir innan Evrópusambandsins og jafna stöðu kynjanna í samfélaginu. Til grundvallar lá stefnumótun um jafnréttisáttak á sviði vísindanna sem fjölgar konum í vísindum og styrkir rannsóknir um konur og líf þeirra. Stefnt er að því að örva umræður um stöðu kvenna í vísindum í Evrópu og skiptast á upplýsingum um aðstæður og aðgerðir í löndum Evrópusambandsins og löndum því tengdu.<sup>7</sup> Einnig var stefnt að því að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem miða að því að fjölga konum í vísindum.

<sup>4</sup> Wold, Agnes og Wennerås, Christine, 1997: "Commentary: Nepotism and Sexism in Peer-review" í *Nature* Vol. 387, 22. maí 1997.

<sup>5</sup> Um þetta má lesa í fréttabréfi MIT (*The MIT Faculty Newsletter*) frá í mars 1999 sem er að finna á heimasíðu skólans (<http://web.mit.edu/fnl/women/women.html>).

<sup>6</sup> COM(1999) 76 "Women and science: mobilizing women to enrich European research".

<sup>7</sup> Þessi lönd eru þau fimmtán ríki sem aðild eiga að ESB og fjórtán ríki sem aðild áttu að fimmtu rammaáætlun ESB. Ísland er eitt þessara ríkja.



Við undirbúning framkvæmdar jafnréttisátaks á sviði rannsókna og vísinda var talið nauðsynlegt að safna tölfræðilegum upplýsingum um stöðu kvenna í vísindum í Evrópu. Undir forystu dr. Mary Osborn skilaði hópur sérfræðinga frá sér skýrslu í nóvember 1999. Skýrslan nefndist *Science Policies in the European Union: Promoting excellence through mainstreaming gender equality* (ETAN skýrslan).<sup>8</sup> Niðurstöður skýrslunnar voru mikilvægt innlegg í umræðu um stöðu kvenna í vísindum og rannsóknum og skaut styrkari stöðum undir frekari stefnumótun til að auka hlut kvenna á þessu sviði í Evrópu.

Í ETAN skýrslunni var dregin upp mynd af stöðu vísindakvenna við evrópska háskóla og rannsóknastofnanir.<sup>9</sup> Helstu niðurstöður voru þær að konum fækkar eftir því sem ofar er komið í stigveldi rannsókna og kennslu á háskólastigi. Þessu brottfalli kvenna hefur verið líkt við leka (e. leaky pipeline). Þrátt fyrir að konur séu helmingur þeirra sem útskrifast með fyrstu gráðu frá háskólum eru konur innan við 10% þeirra sem eru í forystu í vísindasamfélaginu.<sup>10</sup>

Í skýrslunni eru jafnframt færð fyrir því rök að brottfall kvenna úr vísindum sé síður en svo náttúrulegt. Brottfallið er afleiðing flókinna samfélagslegra þátta sem draga úr möguleikum kvenna til frama innan vísindanna. Mismunur gagnvart konum er í mörgum tilfellum ómeðvituð en er þess þó valdandi að þær veljast frá frama á þessu sviði.<sup>11</sup>

Til skamms tíma var frami og árangur í vísindasamfélaginu jafnan talinn byggjast á hlutlausum mælingum á afköstum og gæðum þeirra rannsókna sem stundaðar eru. Í ETAN skýrslunni er sýnt fram á að mælistikurnar geta mismunað kynjunum með skipulegum hætti. Bent er á viðvarandi launamun kynjanna sem starfa að rannsóknum, framboð á rannsóknastörfum sem hentar betur þeim sem eru einhleypir og barnlausir og ósveigjanleika gagnvart barneignum. Þá er einnig gerð úttekt á úthlutun rannsóknastyrkja og framkvæmd jafningjamats (e. peer review) sem þrátt fyrir að byggja á hlutlægu mati virðist sniðið að körlum frekar en konum.

Á vettvangi Evrópusambandsins er nú litið svo á að leiðrétting kynjaskekkju á sviði rannsókna og vísinda sé þáttur í því að nútímavæða vísindi og rannsóknir. Stefnumótun ESB á sviði vísinda og rannsókna felur í sér átak á fjórum sviðum: Í fyrsta lagi að nútímavæða vísindi, í öðru lagi að nútímavæða hugmyndir um vísindalegar framabrautir, í þriðja lagi að tryggja eftirlit og gæðamat og í fjórða lagi að samþætta jafnréttissjónarmið í rannsóknum. Til að ná fram þessum

<sup>8</sup> Osborn, M., Rees, H., Hermann, C., Hilden, J., McLaren, A., Palomba, R., Peltonen, L., Vela, C., Weis, D., Wold, A., and Wennerås, C. (2000) *Science Policies in the European Union: Promoting excellence through mainstreaming gender equality. A report from the ETAN Network on Women and Science*, Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities. ISBN 92-828-8682-4.

<sup>9</sup> Í ETAN skýrslunni kom fram að litlar upplýsingar voru til um stöðu og fjölda vísindakvenna í einkafyrirtækjum.

<sup>10</sup> Osborn, M., Rees, H., Hermann, C., Hilden, J., McLaren, A., Palomba, R., Peltonen, L., Vela, C., Weis, D., Wold, A., and Wennerås, C. (2000) *Science Policies in the European Union: Promoting excellence through mainstreaming gender equality. A report from the ETAN Network on Women and Science*, Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities. ISBN 92-828-8682-4, bls. 13. Og Commission Staff Working Paper. "Women in Science: the gender dimension as a leverage for reforming science", SEC(2001) 771, bls. 4.

<sup>11</sup> Þetta orðalag vísar til þess að líklegt er að konur velji sér líkt og karlar greiðfærar leiðir miðað við ríkjandi aðstæður. Að sama skapi er líklegt að karlar séu oft valdir umfram konur í ákveðin störf og verkefni.

markmiðum er talið brýnt að þeir sem meta gæði og árangur rannsókna spyrji hvað er verið að rannsaka, fyrir hvern, hverjum gagnast það og til hvers?<sup>12</sup>

ETAN skýrslan sýndi einnig að fáar konur eru í nefndum og ráðum sem móta rannsóknarstefnu Evrópusambandsins og þeirra ríkja sem athugunin náði til. Þá var ESB bent á að hefðbundin kynjaskekkja í vísindum og rannsóknum endurspeglar í opinberri umræðu um vísindi og móti hvernig fjölmiðlar og almenningur nálgast vísindin. Heimur vísindanna birtist því sem heimur karla fremur en heimur kvenna. Sú framsetning á svo sinn þátt í að viðhalda hefðbundnu ástandi.

Til að vinna gegn ríkjandi viðhorfum og efla vísindi og rannsóknir var lagt til í ETAN skýrslunni að gripið yrði til aðgerða sem hvetti konur til að sækja fram í rannsóknum með það fyrir augum að efla vísindin.

Á grundvelli ETAN skýrslunnar kom ráðherraráð ESB á fót samstarfshópi sem í eiga sæti fulltrúar ríkja sem aðild áttu að fimmtu rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun. Samstarfshópurinn hefur verið kenndur við Helsinki en þar hittist hann fyrst í nóvember 1999 til að ræða niðurstöður skýrslunnar, safna frekari upplýsingum og leggja til aðgerðir til úrbóta. Fulltrúi íslenska menntamálaráðuneytisins hefur tekið fullan þátt í störfum og stefnumótun í Helsinkihópnum.

Eitt fyrsta verk Helsinkihópsins var að koma á fót nefndum um konur og vísindi í öllum þeim ríkjum sem aðild áttu að hópnum. Þessar nefndir hafa safnað saman gögnum um konur í vísindum og kynnt þau fyrir öðrum þátttökuríkjum á vettvangi Helsinkihópsins með það fyrir augum að bera saman árangur og aðferðir. Á grundvelli skýrslna frá öllum þátttökuríkjunum er nú unnið að frekari stefnumótun.

Þær niðurstöður sem þegar liggja fyrir leiða í ljós að þótt löndin séu misvel á vegi stödd hvað varðar rannsóknir og jafnrétti er umgjörð rannsóknarstarfseminnar oft áþekk. Ábyrgð á mótun rannsókna- og tæknistefnu dreifist oft og tíðum á milli nokkurra ráðuneyta sem síðan hafa samráð sín á milli. Stundum er þó ábyrgðin í höndum sérstaks ráðuneytis sem sér alfarið um stefnumótun á sviði vísinda og tækni. Rannsóknir í þessum löndum treysta mjög á opinber framlög og þær eru einkum stundaðar innan háskóla eða opinberra rannsóknastofnana. Það er hins vegar mjög breytilegt eftir löndum í hversu miklum mæli einkafyrirtæki stunda rannsóknir og þróun. Þetta á jafnt við um það fé sem varið er til rannsókna innan einkafyrirtækja, fjölda starfsmanna þeirra sem fæst við rannsóknir og til hvaða sviða rannsóknirnar ná.<sup>13</sup>

Samanburður milli þessara ríkja sýnir að alls staðar blasir við svipaður félagslegur veruleiki, kynjaskiptur vinnumarkaður og rýr hlutur kvenna í rannsóknum. Konur eru um helmingur þeirra sem útskrifast með fyrstu háskólagráðu. Hins vegar hafa konur skilað sér verr en karlar í framhaldsnám og nám tryggir þeim síður en körlum öruggan starfsframa. Á allra síðustu árum er þetta síðastalda að

<sup>12</sup> Þetta kom t.d. fram í máli Teresu Rees, ritara Helsinkihópsins, á ráðstefnu um "Gender and Research" sem haldin var af Evrópusambandinu í Brussel 8.-9. nóvember 2001. Nánar er sagt frá störfum Helsinkihópsins hér að neðan.

<sup>13</sup> Komið hefur fram í þessari vinnu að ekki er nógu mikið vitað um það rannsóknarstarf sem fram fer innan einkafyrirtækja s.s. hverjir stunda rannsóknir og hversu miklu fé er varið til þeirra. Hrinda á af stað sérstakri könnun í öllum þátttökulöndunum til að leita svara við þessum spurningum. Könnun sem Rannís lét gera árið 2000 og vitnað er í síðar í þessari skýrslu er því skrefi á undan þessu starfi á vegum ESB.

breytast og þeim konum fjölgar ört sem ljúka rannsóknatengdu framhaldsnámi. Rýni í tölfræðilegar upplýsingar færir okkur hins vegar heim sanninn um kynjaskipt námsval því konur og karlar virðast sækja í ólíkar fræðigreinar.

Samanburður á milli landa sýnir einnig að ríkin eru mislangt komin í því að tryggja jafna stöðu kynjanna á sviði rannsókna með lagasetningu og stefnumótun byggðri á hugsjóninni um samþættingu jafnréttissjónarmiða (e. gender mainstreaming) eða með sértækum aðgerðum.

Skortur á tölfræðilegum upplýsingum og ólíkar viðmiðanir torvelda samanburð og greiningu á stöðu kvenna í rannsóknum í einstökum löndum. Í ETAN skýrslunni, sem áður var vitnað til, var hvatt til að söfnun tölfræðilegra upplýsinga um konur í rannsóknum yrði aukin og samræmd milli landa. Nú hefur verið hrundið af stað átaki á vegum ESB til að samræma söfnun slíkra tölfræðilegra upplýsinga, en söfnun þeirra er talin mikilvæg forsenda þess að hægt sé að ná settu marki um fjölgun kvenna í vísindum.

Nýlega var einnig kynnt niðurstaða úttektar á úthlutunum rannsóknastyrkja í fimmtu rammaáætlun um rannsóknir og þróun.<sup>14</sup> Hlutur kvenna var sérstaklega kannaður, bæði við mat umsókna og úthlutun styrkja. Þá voru einnig áhrif kynjasjónarmiða á inntak rannsóknaverkefna metin. Í stuttu máli sýna niðurstöðurnar að hlutur kvenna var rýr, en mismikill eftir sviðum og viðfangsefnum rannsókna. Svo dæmi sé tekið af rannsóknum á sviði lífsgæða (e. quality of life) voru konur meðal þátttakenda í 14-18% verkefna, enga konu var að finna í 27% verkefna og í 33% verkefna var aðeins ein kona. Var þetta þó það svið sem kom einna best út. Mat á umsóknum leiddi einnig í ljós það sem kallað er „þekkingargjá“. Hún birtist í því að sú víðtæka þekking sem þegar er til staðar á kynjamismun og annars konar mismun er ekki nýtt í rannsóknafærlinu, t.d. í hönnun á rannsóknasniði, vali á þýði og úrtaki, úrvinnslu gagna og túlkun.<sup>15</sup>

Kannanir hafa einnig sýnt að það er tilhneiging til að gleyma kynjavíddinni þegar ekki er hugað sérstaklega að henni. Innan ESB er unnið að því að samþætta jafnréttissjónarmið inn í öll stig vísindaferla (e. implementation cycle). Það merkir ekki að taka þurfi tillit til kynferðis alls staðar, heldur að tryggja að það sé gert þegar það á við. Þá hafa kannanir leitt í ljós samhengi milli kyns og fjölbreytileika. Kynblindu í vísindalegri orðræðu dregur því ekki einasta hlut annars kynsins með því að taka ekki tillit til mismunar, heldur hefur hún jafnframt tilhneigingu til að horfa fram hjá annars konar mismun. Með því að hafa bæði kynin með í greiningunni er opnað fyrir fleiri blæbrigði í viðteknum og alhæfandi hugtökum, sem annars hafa dregið margbreytileika hópa undir einn hatt. Þannig opnar kynjavíddin augu okkar fyrir mismun í hegðun, áhugamálum og þörfum innan ólíkra hópa í stað þess að líta á þá sem einsleitar einingar. Þetta er áskorun fyrir hina vísindalegu rökhugsun sem gjarnan hefur leitast við að lýsa veruleikanum samkvæmt einhlítum lögmálum.<sup>16</sup>

<sup>14</sup> Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, “Fjölgun kvenna í vísindum. Ekki bara jafnréttismál heldur nauðsyn”, *Fréttabréf Háskóla Íslands*, 1. tbl. 24. árg. mars 2002.

<sup>15</sup> Pia Laurila og Kerry Young (ritstj.), *Gender Impact Assessment of the Specific Programmes of the Fifth Framework Programme: An Overview*, skýrsla gefin út af Evrópusambandinu (Directorate for Research), EUR 20022, 2001, bls. 17.

<sup>16</sup> Þetta er m.a. skoðun Philippe Busquin, rannsóknastjóra Evrópusambandsins sem birtist í viðtali við hann í *CORDIS focus* (184), gefið út af ESB, 5. nóvember, 2001, 1-2, sjá <http://www.cordis.lu/focus/en/>.

## Samantekt

Í þessum kafla er skýrt frá tildrögum þess að nefnd um konur og vísindi var skipuð af menntamálaráðherra árið 1999. Skipun hennar var í samræmi við áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá árinu 1999 sem miðar að því að fjölga konum í vísindum bæði vegna þess að ljóst var að verulega hallaði þar á hlut kvenna en einnig vegna þess að Evrópusambandið leggur nú áherslu á að styrkja vísindi og rannsóknastarf til að viðhalda hagvexti og velsæld. Ríkur þáttur í að nútímavæða vísindin er að fjölga konum í vísindum, en ekki síður að taka tillit til oft og tíðum ólíkrar stöðu kynjanna með það fyrir augum að auka gæði vísindanna. Með sömu rökum má segja að stefnumótun á sviði vísinda og rannsókna sem taki tillit til kynjamunar beri betri árangur en ella.

Skortur á tölfræðilegum upplýsingum og ólíkar viðmiðanir hafa hins vegar torvelað samanburð og greiningu á stöðu kvenna í vísindum og rannsóknum. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið hrundið af stað vinnu til að safna tölfræðilegum upplýsingum sem varpa ljósi á stöðu kvenna í vísindum í Evrópu. Söfnun tölfræðilegra upplýsinga er talin mikilvæg forsenda þess að hægt sé að ná settum markmiðum um fjölgun kvenna í vísindum. Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur nefnd um konur og vísindi unnið að því að safna upplýsingum um stöðu kvenna í vísindum og rannsóknum á Íslandi. Í næstu köflum verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þeirrar upplýsingaöflunar.

## Umgjörð rannsókna á Íslandi

Í þessum kafla er stutt yfirlit um umgjörð rannsókna og vísindastarfsemi á Íslandi. Í honum eru einnig ýmsar almennar upplýsingar um Íslendinga og íslenskan vinnumarkað.

### Íslenskur vinnumarkaður

Í desember 2001 voru íbúar á Íslandi um 286.000. Konur voru aðeins fleiri en karlar. Ísland hefur eina hæstu fæðingartíðni í Evrópu.<sup>17</sup> Árið 2001 var fæðingartíðnin 1,95 og hefur ekki verið svo lág síðan 1985,<sup>18</sup>

Dánartíðni ungbarna hérlendis er með því lægsta sem þekktist. Nýfætt stúlku-barn getur vænst að ná 81,4 ára aldri og drengur 77,5 ára aldri. Munurinn á lífslíkum karla og kvenna hefur farið minnkandi og er bilið milli kynjanna einna minnst á Íslandi af OECD löndunum. Lífslíkur karla hér á landi hafa aukist hlutfallslega meira en kvenna á undanförunum árum.


Árið 2000 voru 79% kvenna og 88% karla (16-74 ára) virk á atvinnumarkaði. Atvinnuleysi á Íslandi er einnig hlutfallslega lítið. Í nóvember 2001 var atvinnuleysi 2,4%. Algengt er þó að atvinnuleysi kvenna sé heldur meira en karla. Þannig var atvinnuleysi kvenna 2,9% en karla 1,8% árið 2000.

<sup>17</sup> Vísar til fjölda lifandi fæddra barna á ævi hvernar konu (15-44 ára).

<sup>18</sup> Á síðasta áratug hefur meðalaldur mæðra hækkað um 0,7 ár, úr 28,3 ár í 29 ár árið 2001.

Vinumarkaðurinn er enn kynjaskiptur hvort sem litið er til atvinnugreina eða starfsstétta. Þannig vinna 4% starfandi kvenna samanborið við 12% karla við landbúnað og fiskveiðar árið 2000. Þriðjungur karla starfar við iðngreinar en aðeins 11% kvenna. Mikill meirihluti kvenna eða 85% eru í þjónustugreinum en þar eru hins vegar 55% karla. Þar vegur þyngst hlutur kvenna í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem á við fjórðung kvenna en ekki nema 3% karla.

Á meðan konur eru í meirihluta meðal skrifstofufólks (85%) eru karlar í meirihluta í hópi véla- og vélgæslufólks (89%), meðal bænda og fiskimanna (76%), sérhæfðs iðnaðarstarfsfólks (73%) og kjörinna fulltrúa og stjórnenda (73%). Mest jafnræði ríkir með kynjunum í hópi sérfræðinga og sérmenntaðs starfsfólks.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Konur afla sér háskólamenntunar í auknum mæli og hafa síðan 1985 verið meirihluti nemenda á háskólastigi. Þessi þróun endurspeglast í tölum um menntunarstig þjóðarinnar, þar sem munurinn á milli kynja er sífellt að minnka. Kannanir sýna að konur eru 46% af háskólamenntuðu vinnuafli á aldrinum 25-64 ára. En þótt menntunarstig karla og kvenna sé smám saman að verða álíka er námsval hins vegar enn að hluta til kynbundið eins og vikið verður að síðar.

## Jöfn staða kvenna og karla í íslensku lagaumhverfi

Samkvæmt íslenskum lögum er bannað að mismuna á grundvelli kynferðis. Árið 2000 voru samþykkt ný lög um jafna stöðu kvenna og karla (nr. 96/2000). Almenn markmið laganna er að tryggja jafna stöðu karla og kvenna og efla jafnrétti kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Í 20. grein laganna er t.d. kveðið á um að leitast eigi við að tryggja jafna þátttöku karla og kvenna í nefndum, stjórnun og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þar með tekur greinin til nefnda, stjórna og ráða á sviði háskóla og vísinda. Í 21. grein, sem fjallar um greiningu tölfræðilegra upplýsinga, er kveðið á um að í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli greint á milli kynja við söfnun og úrvinnslu gagna og birtingu upplýsinga.

Markmiði laga um jafna stöðu kvenna og karla skal m.a. náð með því að efla rannsóknir á stöðu karla og kvenna. Rannsóknir á sviði kvennafræða hafa verið stundaðar við Háskóla Íslands síðan í byrjun 8. áratugarins. Frá 1980 hafa ýmsar

námsbrautir Háskóla Íslands boðið upp á námskeið í kvennafræðum. Árið 1991 var Rannsóknastofa í kvennafræðum stofnuð við Háskóla Íslands. Rannsóknastofan styður við bakið á kennslu í kvenna- og kynjafræðum á háskólastigi og stendur að rannsóknum og skipuleggur fyrirlestra og málstofur.<sup>19</sup> Árið 1996 var stofnuð námsbraut í kvennafræði við Háskóla Íslands en heiti hennar breytt árið 1998 í námsbraut í kynjafræðum.<sup>20 21</sup>

Árið 2000 voru einnig samþykkt ný lög um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000) sem tryggja körlum sama rétt og konum til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði á launum sem nema 80% af heildarlaunum. Til viðbótar geta foreldrar skipt með sér þremur mánuðum í fæðingarorlofi í allt að 18 mánuði eftir fæðingu barns. Markmiðið með setningu nýrra fæðingarorlofslaga var að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði með því að auðvelda jöfnun fjölskylduábyrgðar og gefa feðrum sjálfstæðan rétt til samveru við nýfætt barn sitt.

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að fjölga konum í trúnaðar- og ábyrgðarstörfum á vegum hins opinbera. Tölur sýna hins vegar að enn er nokkuð í land að konur gegni slíkum störfum til jafns við karla. Þó svo Ísland hafi verið fyrsta lýðveldi í heimi til að kjósa sér konu til forseta árið 1980, hefur hlutfall kvenna í opinberum störfum ekki aukist jafnmikið og á hinum Norðurlöndunum. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1998 var hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum 28%. Hins vegar eru konur nú 37% alþingismanna og 25% ráðherra.

## Uppbygging háskólastigsins og vísindastarfsemi

Íslenskar rannsóknarstofnanir heyra undir ólík ráðuneyti eftir sviðum, þ.e. sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, umhverfismálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Menntamálaráðuneytið ber þó ábyrgð á stefnumörkun á sviði vísinda og rannsókna.

Ríkisstyrktar rannsóknir sem höfðu það að markmiði að styðja við efnahagsþróun hófust árið 1937 með stofnun Tilraunastofu Háskóla Íslands. Rannsóknarráð ríkisins var stofnað með lögum árið 1940. Fyrstu tvo til þrjá áratugin var megináhersla lögð á að styrkja rannsóknir sem tengdust nýtingu náttúruauðlinda bæði á landi og á sjó. Árið 1981 hóf Rannsóknarráð að leggja áherslu á rannsóknir sem stuðlað gætu að betri nýtingu náttúruauðlinda og nýsköpunar. Um svipað leyti fóru menn að gera sér grein fyrir mikilvægi þátttöku fyrirtækja í rannsóknum og þróun. Á seinni hluta níunda áratugarins og á tíunda áratugnum jókst hlutur einkafyrirtækja á þessu sviði. Á síðustu árum hafa sprottið upp allnokkur þekkingarfyrirtæki á sviði upplýsinga-, erfða- og líftækni.

<sup>19</sup> Slóðin er <http://www.hi.is/stofn/fem/>.

<sup>20</sup> Kynjafræði er þverfagleg og kennd sem 30 eininga aukagrein til BA-prófs. Rannsóknir á sviði kynja- og kvennafræði hafa þróast innan HÍ bæði innan hefðbundinna fræðigreina og sem sjálfstætt rannsóknarsvið. Fyrsta staða háskólakennara í kynjafræðum var stofnuð í byrjun árs 2001.

<sup>21</sup> Árið 1996 var sett á fót fimm manna jafnréttisnefnd við Háskóla Íslands. Eitt helsta markmið nefndarinnar er að tryggja framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan veggja háskólans. Í október 2000 samþykkti háskólaráð nógildandi jafnréttisáætlun. Í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands er m.a. lagt til að ráðist verði í könnun á framgangskerfi skólans með tilliti til jafnréttissjónarmiða og að framkvæmd verði úttekt á dómnefndaálitum til að kanna hvort ósamræmi sé í mati á körlum og konum og hvort orðfæri sé kynjað.

Lengi vel vörðu Íslendingar hlutfallslega litlu af landsframleiðslu sinni til rannsókna og þróunar samanborið við önnur lönd og framlög fyrirtækja til þessa málaflokks voru fremur lág í alþjóðlegum samanburði. Þannig vörðu Íslendingar einungis 0,76% af landsframleiðslu til rannsókna og þróunar árið 1987. Á undanförunum árum hefur þetta hlutfall hins vegar aukist sem og hlutur fyrirtækja í fjármögnun rannsókna og þróunar. Fyrstu áætlanir RANNÍS um útgjöld til rannsókna og þróunar bendir til að fyrir árið 2001 hafi þau verið rúmlega 20 milljarðar en um 17 milljarðar árið áður. Til samanburðar má geta þess að árið 1999 voru þessi útgjöld samkvæmt könnun um 14,5 milljarðar en það samsvarar um 2,3% af landsframleiðslu. Árið 1999 hafði þáttur einkafyrirtækja í rannsókna- og þróunarstarfsemi aukist úr 40% heildarframlagsins til rannsókna- og þróunarstarfs í 50% og virðist þetta hlutfall hafa farið yfir 60% árið 2001. Að sama skapi hefur þáttur stofnana sem reknar eru fyrir opinbert fé minnkað frá 1997 til 1999 úr 60% í 50%. Það eru sérstaklega fyrirtæki á sviði líftækni, erfðataekni og upplýsingataekni sem standa að baki áberandi hækkun útgjalda til rannsókna og þróunar hjá fyrirtækjum. Árið 1999 voru ársverk starfsfólks við rannsóknir um 2.390 en þau voru 2.152 árið 1997. Útgjöld til rannsókna og þróunar námu það ár um 9.651 milljónum króna, eða 1,82% af landsframleiðslu.<sup>22</sup>

Árið 1987 voru endurskoðuð lög um Rannsóknaráð ríkisins frá 1965. Þá var Vísindaráð stofnað. Við breytinguna var greint á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna og var það nýmæli. Vísindaráð sinnti grunnrannsóknum og hafði á sínum snærum Vísindasjóð<sup>23</sup>. Settur var lagagrundvöllur fyrir starf Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs ríkisins en ráðið og sjóðurinn veittu stuðning við hagnýtar rannsóknir og tækniþróun. Næst var lögum breytt árið 1994. Þá breyttist yfirstjórn rannsóknarmála í grundvallaratriðum. Ráðin tvö voru sameinuð í Rannsóknarráði Íslands sem enn starfar. Sett voru ákvæði um Rannsóknánámssjóð, sem var settur á laggirnar árið 1993 til að styrkja háskólanema í rannsóknartengdu framhaldsnámi. Starf ráðsins hafði að markmiði að efla rannsóknir til stuðnings atvinnulífi og menningu í landinu.

Rannsóknarráð Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið. Meginhlutverk þess er að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um stefnumótun á öllum sviðum vísinda og tækni, og forgangsráða og velja verkefni sem fá fé úr sjóðum þess. Rannsóknarráð Íslands hvetur til rannsóknasamvinnu milli ólíkra rannsóknastofnana, milli rannsóknastofnana og einkafyrirtækja, og styður við bakið á þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna.

Rannsóknarráð Íslands hefur sett fram tillögur um 15 mikilvæg framtíðar-rannsóknasvið. Þar á meðal eru mörg ólík svið, allt frá verndun sögulegrar- og menningarlegrar arfleifðar til rannsókna á sviði líftækni og heilbrigðisvísinda. Jafnréttismál eru hvorki meðal hinna 15 forgangssviða né meðal þeirra mála sem Rannsóknarráð hefur nefnt sem mikilvægustu mál á dagskrá í helstu útgáfum sínum.

Í Rannsóknarráði Íslands eiga sæti 11 fulltrúar frá rannsóknastofnunum, háskólum og fyrirtækjum. Menntamálaráðherra skipar tvo þessara fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Sjö fagråd fyrir ólík fræðasvið aðstoða ráðið við mat á umsóknum og stefnumörkun. Fagráðin skoða allar umsóknir, ráða þeim í

<sup>22</sup> Árið 1987 voru aðeins 30 fyrirtæki skráð virk í rannsóknum, en árið 1997 voru þau rúmlega 300.

<sup>23</sup> Vísindasjóður frá 1957 var settur undir Vísindaráð 1987. Við breytinguna 1994 varð Rannsóknasjóður Rannsóknaráðs ríkisins að Tæknisjóði og Byggingarsjóði var breytt í Bygginga og tækjasjóð

forgangsröð og leggja fram tillögur um styrkveitingar. Nefndirnar koma tillögum sínum til einnar af tveimur úthlutunarnefndum, annað hvort til úthlutunarnefndar Vísindasjóðs eða úthlutunarnefndar Tæknisjóðs. Þessar úthlutunarnefndir leggja tillögu fyrir Rannsóknarráð.<sup>24</sup>

Átta háskólar á Íslandi (þar af þrjár sjálfseignarstofnanir) bjóða nám til háskólagráðu. Af þessum átta háskólum býður einungis Háskóli Íslands upp á nám á flestum hefðbundnum fræðasviðum. Háskóli Íslands er bæði elsti og stærsti háskóli á Íslandi. Um 63% nemenda á háskólastigi stunduðu nám við skólann haustið 2000. Aðrir háskólar eru sérhæfðari og bjóða aðeins upp á nám á tilteknum sviðum.

Mikilvægar breytingar hafa orðið á háskólastiginu á Íslandi á undanförunum árum. Fjöldi nema á háskólastigi hefur fjórfaldast frá því á árinu 1977. Með nýjum lögum um háskóla árið 1997 hafa háskólar einnig fengið aukið sjálfræði í innri málum. Mikil aukning hefur orðið á framboði á nýjum námsleiðum á háskólastigi, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi, sem leitt hefur til vaxandi samkeppni milli háskóla. Með stofnun Háskólans á Akureyri árið 1987 var stigið stórt skref í að bjóða upp á háskólanám á landsbyggðinni. Námsmöguleikum á landsbyggðinni hefur fjölgað til muna síðan, einkum fyrir tilstilli aukins framboðs á fjarnámi.

Fram til ársins 1995 bauð Háskóli Íslands einkum upp á námsleiðir í grunnnámi. Þeir sem vildu bæta við sig framhaldsmenntun urðu að sækja hana til erlendra háskóla. Stofnun Rannsóknánámsjóðs árið 1993 hleypti hins vegar lífi í þróun framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Árið 1998 samþykkti háskólaráð Háskóla Íslands reglur um uppbyggingu framhaldsnáms á flestum fræðasviðum skólans.

Samkvæmt lögum um háskóla (nr. 136/1997) fara rektor og háskólaráð með yfirstjórn háskóla. Rektor er skipaður af menntamálaráðherra.<sup>25</sup> Ef háskóli er deildaskiptur eru deildarráð og deildarforseti hluti af yfirstjórn skólans. Rektor ræður prófessora, lektora og dósenta. Ráðning í starf er byggð á ítarlegu mati á hæfi viðkomandi umsækjanda. Frá 1986 hefur verið við lýði framgangskerfi sem gerir háskólakennurum kleift að færast t.d. úr starfi lektors í starf dósents eða úr dósentsstarfi í starf prófessors, ef þeir fullnægja kröfum um faglegt hæfi.<sup>26</sup> Matið á hæfi miðast við menntun, rannsóknareynslu, rannsóknvirkni, kennslureynslu og stjórnunarreynslu þess sem um starf eða framgang sækir. Hæfiskröfurnar eru víðast skilgreindar í reglum háskóla um framgang og hæfi til að gegna stöðu fastráðins háskólakennara.

Laun háskólakennara við flesta háskóla landsins og framgangur þeirra byggir jafnframt á því að til staðar liggi mat á störfum þeirra. Háskólakennarar og sérfræðingar fara nú í gegnum svonefnt grunnmat.<sup>27</sup> Grunnmatið tekur tillit til menntunar starfsmanns, fjölda birtinga, vettvang birtinga, tegund birtinga, fjölda tilvitnana, kennslureynslu og stjórnunarreynslu. Allt er þetta metið til stiga og háskólakennurum raðað í launaflokka eftir fjölda stiga. Grunnmatið byggir í

<sup>24</sup> Á vorþingi 2002 var lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á skipulagi RANNÍS.

<sup>25</sup> Rektor Háskóla Íslands er skipaður af menntamálaráðherra á grundvelli úrslita úr rektorskjöri, þar sem starfsfólk í fullu starfi og nemendur hafa atkvæðisrétt.

<sup>26</sup> Fyrirkomulag hæfismats er mismundandi eftir skólum. Við Háskóla Íslands er skipuð þriggja manna dómnefnd til að meta hæfi umsækjenda um kennarastöðu. Einn fulltrúi til tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, einn af háskólaráði og einn af viðkomandi deild.

<sup>27</sup> Sérfræðingar skiptast í þrjá hópa eftir hæfi, sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn. Starfsheitið sérfræðingur samsvarar lektor, fræðimaður samsvarar dósent og vísindamaður samsvarar prófessor. Sérfræðingar eru án kennsluskyldu.




megindráttum á matskerfi sem innleitt var af Kjaranefnd til að meta störf prófessora við ákvörðun á launum þeirra.

## Samantekt

Hér að framan hefur skipulag rannsókna og vísindastarfsemi á Íslandi verið stuttlega rakið. Í kaflanum koma fram almennar upplýsingar um fjölda Íslendinga og ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um íslenskan vinnumarkað. Í kaflanum er einnig örstutt vikið að íslensku lagaumhverfi sem leggur öllum skyldur á herðar að tryggja jafna stöðu kvenna og karla. Þá er í kaflanum fjallað um uppbyggingu háskólastigsins og vísindastarfsemi. Allar þessar upplýsingar gefa mynd af umgjörð rannsóknar- og þróunarstarfsemi á Íslandi.

## Tölfræðileg samantekt um menntun íslenskra kvenna

Í þessum kafla er fjallað um menntun íslenskra kvenna. Birtar eru tölur um nemendur á framhaldsskólastigi og sérskóla- og háskólastigi. Einnig koma fram í kaflanum tölur um fjölda brautskráðra nemenda á þessum skólastigum. Upplýsingar um menntun Íslendinga fást úr vinnumarkaðsgögnum Hagstofu Íslands en söfnun þeirra hófst árið 1991. Áður fengust þessar upplýsingar úr manntölum. Vegna breytinga á flokkun menntunar í vinnumarkaðsgögnum eru tölur um menntun aðeins sambærilegar frá 1996. Úr nemendaskrá Hagstofu fást upplýsingar um fjölda nemenda á hverjum tíma eftir kyni, aldri, skólastigi, skólum og námsbrautum. Frá og með skólaárinu 1995/96 hófst einnig reglubundin söfnun upplýsinga um brautskráningu nemenda hérlendis eftir kyni, aldri, skólum og námsbrautum.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Árið 2000 voru samkvæmt vinnumarkaðskönnunum Hagstofu Íslands 17% kvenna á aldrinum 25-64 ára með fyrstu eða aðra háskólagráðu<sup>28</sup> í samanburði við 19% karla. Mun fleiri karlar en konur voru með sérskólamenntun eða 20% karla og 9% kvenna. Er það einkum iðnmenntun karla sem skýrir þennan mun.

<sup>28</sup> 6 og 7 á ISCED-kvarða UNESCO.

Hins vegar var svipaður hluti kvenna og karla með framhaldskólamenntun eða um 30%. Mjög stór hópur kvenna var eingöngu með grunnenntun (þ.m.t. starfsnámskeið/gagnfræðapróf) eða 44% á aldrinum 25-64 ára samanborið við 32% karla. Konur voru um helmingur bæði nemenda og útskrifaðra á framhaldsskólastigi, um 60% nemenda og útskrifaðra á háskólastigi og tæpur helmingur nemenda við nám erlendis. Hér að neðan verður nánar vikið að hlutfalli kvenna og karla á framhaldskóla- og háskólastigi.


## Framhaldsskólastigið

Um 20.000 nemendur voru á framhaldsskólastigi haustið 2000, heldur fleiri konur en karlar. Skólaárið 1999/00 voru konur helmingur útskrifaðra.

Sé litið á skiptingu nemenda í framhaldskólum eftir námsbrautum árið 2000 sést að enn virðist tilhneiging til kynbundins námsvals. Það á við um tæknibrautir þar sem karlar eru fleiri og heilsubrautir þar sem konur eru í meirihluta. Einnig eru konur í miklum meirihluta á sviði tungumála og lista. Einnna mest jafnræði kynja virðist vera á viðskipta- og hagfræðibrautum og raungreinabrautum, hvort sem litið er til nemenda eða brautskráðra árið 2000.

Innan raungreinabrauta virðist námsval einnig vera kynbundið. Undir raungreinabrautir heyrast stærðfræðibrautir, eðlisfræðibrautir og náttúrufræðibrautir. Samkvæmt nemendaskrá Hagstofunnar voru konur 58% nemenda náttúrufræðibrauta, 43% nemenda stærðfræðibrauta og 27% nemenda eðlisfræðibrauta árið 1999. Á öðrum fámennari raungreinabrautum var hlutur kvenna 32% en þar á meðal er tæknibraut þar sem konur voru 12% og á tölvufræðabraut þar sem konur voru 13%.


Hið kynbundna námsval nemenda sbr. hér að framan endurspeglast í tölum um brautskráningu framhaldsskólanemenda.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Um 4400 brautskráningar voru af framhaldsskólastigi skólaárið 1999-2000. Konur voru svo til jafnmargar körlum. Meðal þeirra sem útskrifuðust með stúdentspróf voru konur 61%. Fjöldi þeirra samsvarar því að 6 af hverjum 10 tvítugra stúlkna hafi lokið stúdentsprófi en samsvarandi hlutfall pilta var 3,5. Fóru konur fram úr körlum að þessu leyti strax um miðjan áttunda áratuginn

(1974/75). Sé litið til annarra prófgráða á framhaldsskólastigi en stúdentsprófs, t.d. burtfararprófs úr iðngreinum eða sveinsprófs snýst dæmið við og rúmlega það. Konur voru aðeins 23% brautskráðra í fyrra tilvikinu og 19% í því síðara.




Heimild: Hagstofa Íslands.

## Nemendur á háskólastigi

Haustið 2000 voru um 10.500 nemendur á sérskóla- og háskólastigi. Þessir nemendur stunduðu nám við átta háskóla og þrjá sérskóla á háskólastigi auk þess sem nokkrir námu við skóla utan háskólastigs.<sup>29</sup> Nemendur í fjarnámi eru hér einnig meðtaldir en þeir voru alls 848 og stunduðu nám við fimm háskóla, þar af voru konur 78% nemenda. Langflestir nemenda á háskólastigi voru í Háskóla Íslands eða 63%. eru konur meirihluti nemenda fimm skóla. Hæst er hlutfall þeirra í Kennaraháskóla Íslands, 84%.

Nemendafjöldinn hefur tvöfaldast frá árinu 1990 (5.296) og næstum þrefaldast frá árinu 1980 (3.689). Konur voru 62% nemenda árið 2000. Sambærilegt hlutfall þeirra í hópi nemenda á sérskóla- og háskólastigi var 44% árið 1980, 50% árið 1984 og 58% árið 1990.



Heimild: Hagstofa Íslands.

<sup>29</sup> Sérskólarnir sem hér um ræðir eru einkum listaskólar en háskólarnir sem veita háskólagráður eru eftirfarandi: Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Listaháskóli Íslands, Tækniskóli Íslands og Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Hefur skólum sem veita háskólagráður fjölgað á undanförunum árum og einstaka sérskólar verið felldir inn í háskóla sem fyrir voru.


## 1. Nemendur á háskólastigi eftir skólum haustið 2000

	Fjöldi			Hlutföll, %	
	Alls	Konur	Karlar	Konur	Karlar
<b>Allir nemendur</b>	<b>10.543</b>	<b>6.531</b>	<b>4.012</b>	<b>62</b>	<b>38</b>
<b>Háskólar</b>	<b>10.123</b>	<b>6.316</b>	<b>3.807</b>	<b>62</b>	<b>38</b>
Háskóli Íslands	6.670	4.049	2.621	61	39
Háskólinn á Akureyri	649	503	146	78	22
Háskólinn í Reykjavík	643	272	371	42	58
Kennaraháskóli Íslands	1.263	1.066	197	84	16
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	31	18	13	58	42
Listaháskóli Íslands	233	153	80	66	34
Tækniskóli Íslands	488	194	294	40	60
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	146	61	85	42	58
<b>Sérskólar á háskólastigi</b>	<b>93</b>	<b>63</b>	<b>30</b>	<b>68</b>	<b>32</b>
<b>Skólar utan háskólastigs</b>	<b>327</b>	<b>152</b>	<b>175</b>	<b>46</b>	<b>54</b>

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í ljósi þess að konur eru yfir 60% nemenda á sérskóla- og háskólastigi ætti ekki að koma á óvart að konur eru í meirihluta á mörgum námsbrautum. Á sumum brautum eru konur jafnvel í miklum meirihluta. T.d. eru konur 86% nemenda í uppeldisfræði og kennaranámi, 78% í heilbrigðisgreinum. Konur eru hins vegar ekki nema 24% í tæknigreinum og verkfræði.

Samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrá Háskóla Íslands (2000) voru konur meirihluti nemenda í öllum deildum skólans nema í verkfræðideild. Konur voru einnig í minnihluta í hagfræðiskor sem er hluti viðskipta- og hagfræðideildar. Í raunvísindadeild voru t.d. yfir 60% nemenda konur. Þær voru í miklum meirihluta í líffræði, jarðfræði og matvælafræði og hinna nýju grein ferðamálafræði. Þá voru konur helmingur nemenda í efnafræði. Einungis í stærðfræði og eðlisfræði voru konur minnihluti nemenda. Þær voru 38% nemenda í stærðfræði og ekki nema fimmtungur nemenda (20%) í eðlisfræði.




Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Sé litið á verkfræðideildina kemur eftirfarandi í ljós: Konur voru 22% nemenda í verkfræðideild árið 2000, en þar eru fjórar skorir. Hlutfall kvenna var lægst í rafmagns- og tölvuverkfræði eða 12%, þá 19% í tölvunarfræði, 30% í véla- og iðnaðarverkfræði og hæst 38% í umhverfis- og byggingarverkfræði, en þar voru konur meirihluti nýnema.

Háskólinn í Reykjavík er með tölvunarfræðideild og viðskiptadeild. Á haustönn 2000 voru konur 35% nemenda á fyrsta ári í tölvunarfræði, 23% á öðru ári og 15% á þriðja ári. Í viðskiptadeild var hlutfall þeirra hins vegar 53-58%.

Á síðustu árum hefur nemendum í framhaldsnámi við íslenska háskóla fjölgað. Haustið 2000 voru alls 722 í námi til meistaraprófs í háskólum hér á landi. Í Háskóla Íslands voru 469 meistaránámsnemar, í Kennaraháskóla Íslands voru 238 og í Háskólanum á Akureyri voru 15. Á árinu 1999 voru meistaránámsnemar 627 alls, 434 við Háskóla Íslands og 193 við Kennaraháskóla Íslands. Bæði árin voru konur 55% meistaránámsnema í Háskóla Íslands og karlar 45%. Í Kennaraháskóla Íslands voru konur í miklum meirihluta nemenda til meistaraprófs 82% og í Háskólanum á Akureyri voru þær 73% haustið 2000. Á árinu 1999 voru 18 doktorsnemar við Háskóla Íslands og var þriðjungur þeirra konur eða sex. Haustið 2000 hafði konunum fjölgað og voru 37% doktorsnema en þeir voru 49 alls.

Hagstofa Íslands birtir reglulega tölur um fjölda nemenda við nám erlendis. Eru tölurnar byggðar á upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýna fjölda námsmanna sem leita aðstoðar sjóðsins. Tölurnar eru því ekki tæmandi. Tölur fyrir árin 1980, 1990 og 2000 sem byggja á þessum heimildum sýna að umtalsverð fjölgun varð í hópi námsmanna sem leituðu til Lánasjóðsins milli áranna 1980 og 1990 en hins vegar fækkaði þeim á milli 1990 og 2000. Árið 1980 sóttu 1.212 námsmenn til Lánasjóðsins. Þar af voru konur 37%. Árið 1990 var hópurinn helmingi stærri eða 2.578 og hlutfall kvenna þar af 43%. Árið 2000 þegar hópurinn hafði dregist saman í 1.706 námsmenn voru konur 47% þeirra sem sóttu um lán til að stunda nám erlendis. Athyglisvert er hve hlutur kvenna í hópi námsmanna erlendis hefur aukist á tímabilinu sem hér um ræðir en sú þróun er vissulega í takt við aukna sókn kvenna í menntun hér heima.




Heimild: Hagstofa Íslands.

## Brautskráðir á háskólastigi

Hagstofa Íslands hóf reglubundna söfnun upplýsinga um brautskráða nemendur frá framhaldsskólum, sérskólum og háskólum frá og með skólaárinu 1995/96.


Skólaárið 1999-2000 útskrifuðust 2100 nemendur af sérskóla- og háskólastigi. Af þeim hópi voru konur 60% sem er svipað og hlutfall kvenna meðal nemenda. Hæst er hlutfall kvenna meðal brautskráðra nemenda í uppeldisgreinum, heilbrigðisvísindum, hug- og félagsvísindum en hlutfall karla er hæst í tæknigreinum, náttúrufræði og stærðfræði.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar litið er til aldurs brautskráðra nemenda á háskólastigi kemur í ljós athyglisverður munur á kynjunum. Skólaárið 1999/2000 var stærri hluti karla en kvenna undir þrítugu við brautskráningu eða 73% karla á móti 60% kvenna. Um 19% kvenna voru hins vegar 40 ára og eldri samanborið við 10% karla. Skólaárið á undan var sambærilegt hlutfall kvenna 17%. Skólaárið 1997/1998 voru 12% kvenna sem luku námi eldri en 40 ára.

Ef litið er á tölur um brautskráningar úr grunnnámi á sérskóla- og háskólastigi sést að skólaárið 1999-2000 luku alls 1.458 nemendur fyrsta háskólaprófi hér á landi. Voru 67% þeirra konur. Rúmlega hundrað nemendur luku prófi með framhaldsgráðu og í þeim hópi voru konur einnig fleiri en karlar eða 59%. Ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar um lokapróf Íslendinga frá erlendum háskólum en haustið 2000 voru rúmlega 1.700 nemendur við nám erlendis, heldur fleiri karlar en konur.




Heimild: Hagstofa Íslands.

## Brautskráðir doktorar

Eins og komið hefur fram fyrir í þessari skýrslu er stutt síðan farið var að bjóða upp á nám á Íslandi sem lýkur með framhaldsgráðu. Langflestir þeirra sem lokið hafa slíku námi hafa útskrifast frá erlendum háskólum. Því liggja t.d. ekki fyrir tæmandi upplýsingar um fjölda Íslendinga sem hafa doktorspróf.<sup>30</sup>

Í *Árbókum Hins íslenska Þjóðvinafélags* er að finna yfirlit um marga sem lokið hafa doktorsprófi.<sup>31</sup> Úr þeim upplýsingum hefur nefndin um konur og vísindi skipt doktorum sem útskrifuðust á árunum 1990-2000 eftir kyni, vísindasviði og landi þar sem þeir útskrifuðust. Þetta eru ekki tæmandi upplýsingar fyrir áður nefnt tímabil en tölurnar gefa vísbendingar um hlut kynjanna í þessum efnun síðustu árin.



Heimild: Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags 1992–2002.

Í ofangreindum heimildum er getið um 415 einstaklinga sem luku doktorsprófi á þessum 11 árum, 113 konur og 302 karla. Hluttur kvenna meðal þeirra sem luku doktorsprófi var 27%. Tímabilið 1990-1994 voru konur 21% þeirra sem útskrifuðust með doktorspróf, en á árunum 1995-99 voru þær 29%. Árið 2000 voru konur 45% þeirra sem luku doktorsprófi, 21 kona á móti 26 körlum. Tölurnar sveiflast til milli einstakra ára. Af þeim má þó ráða að konum með doktorspróf virðist fara fjölgandi.

Skipting doktoranna eftir vísindasviðum leiðir í ljós að 29% kvennanna lögðu stund á náttúruvísindi, 27% á félagsvísindi, 20% á heilbrigðisvísindi, 16% á hugvísindi og aðeins 7% á verk- og tæknifræði. Er röðin að þessu leyti nokkuð svipuð hjá körlunum og voru hlutfallslega flestir í náttúruvísindum (34%) og fæstir í verk- og tæknifræði (12%).<sup>32</sup>

<sup>30</sup> Langflestir þeirra Íslendinga sem lokið hafa doktorsprófi hafa útskrifast frá erlendum háskólum. Íslensk stjórnvöld hafa ekki gengið eftir því að taka saman upplýsingar um námslok þeirra sem útskrifast með doktorspróf. Æskilegt væri að til væri skrá yfir Íslendinga með upplýsingum um menntun þeirra sem væri uppfærð reglulega. Sums staðar erlendis er slík skrásetning til staðar.

<sup>31</sup> Byggir það yfirlit á fréttatilkyningum í *Morgunblaðinu* sem nýútskrifaðir doktorar eða aðstandendur þeirra hafa sent inn árið á undan og upplýsingum frá Háskóla Íslands. Þar kemur m.a. fram nafn, hvenær doktorsprófi lauk, sérgrein og frá hvaða skóla.

<sup>32</sup> Algengast er bæði af hálfu kvenna og karla í hópnum að þau hafi lokið doktorsnámi frá Bandaríkjunum eða 35% kvenna og 29% karla, þessu næst frá Svíþjóð en þaðan útskrifuðust 22% kvennanna og 28% karlanna og því næst kom Bretland, 12% kvenna og 10% karla. Önnur helstu lönd sem numið var í voru Danmörk, Noregur, Þýskaland, Frakkland og Kanada.

Ef litið er á þá sem útskrifuðust með doktorspróf frá Háskóla Íslands á árunum 1990-2000 sést að af 26 nýútskrifuðum doktorum eru sjö konur og 19 karlar. Háskóli Íslands útskrifaði fyrsta doktorinn árið 1919 en það var Páll Eggert Ólason sem lauk doktorsprófi frá heimspekideild.<sup>33</sup> Fyrsta konan til að ljúka doktorsprófi frá sömu stofnun var Selma Jónsdóttir árið 1960. Næst lauk kona doktorsprófi frá Háskóla Íslands árið 1997. Það ár luku fjórar konur doktorsprófi frá skólanum, þrjár árið 2000 og ein kona árið 2001. Fimm kvennanna vorðu ritgerð sína við læknadeild, þrjár við heimspekideild og ein við félagsvísinda-deild.

Á tímabilinu 1919-2001 luku alls níu konur doktorsprófi frá Háskóla Íslands. Á sama tíma luku þaðan 87 karlar doktorsprófi. Konur voru því 9% heildarhóps útskrifaðra doktora frá Háskóla Íslands. Hins vegar er athyglisvert að síðustu fimm árin þ.e. 1997-2001 var fjöldi kvenna og karla næstum sá sami eða 8 konur og 9 karlar.

Frá stofnun Háskóla Íslands til október 2001 hafa alls 159 einstaklingar fengið heiðursdoktorsnafnbót frá skólanum. Í þeim hópi eru aðeins sjö konur.<sup>34</sup>

## Samantekt

Veruleg breyting hefur orðið á menntun þjóðarinnar á síðustu árum með vaxandi námsframboði og skólasókn. Skipting mannfjöldans á aldrinum 25-64 ára árið 2000 eftir menntun sýnir að 17% kvenna á þessum aldri er með háskólamenntun borið saman við 19% karla. Árið 1996 var sambærilegt hlutfall kvenna 15% og karla 16%. Í aldurshópnum 25-44 ára er hlutfall háskóla-menntaðra kvenna nú heldur hærra eða rúm 20% sem er nánast sama hlutfall og meðal karla.

Konur eru nú um helmingur þeirra sem stunda nám og útskrifast úr framhaldsskólum. Meðal brautskráðra stúdenta eru þær 61%. Konur eru einnig í meirihluta þeirra sem stunda nám og útskrifast af sérskóla- og háskólastigi á Íslandi eða um 60%. Hins vegar virðist um mikið brottfall kvenna að ræða þegar litið er á tölur um þá sem útskrifast með æðri menntagráður. Þannig eru konur rúmum fjórðungur þeirra sem útskrifast hefur með doktorspróf síðasta áratug skv. þeim heimildum sem fyrir liggja. Sama þróun hefur því orðið hér á landi og í mörgum öðrum löndum. Doktorsnám veitir þjálfun í vísinda- og rannsóknastörfum og er oft á tíðum nauðsynleg brú til starfa á sviði rannsókna. Í næsta kafla er sjónum beint að þeim sem starfa við rannsóknir og athugað hvernig konum vegnar í samkeppni við karla um störf og styrki á þeim vettvangi.

## Konur í rannsóknum og þróun

Starf í rannsóknum krefst umtalsverðrar menntunar og þjálfunar. Hér á undan var dregin upp mynd af menntun íslenskra kvenna. Í þessum kafla er birt yfirlit um fjölda kvenna og karla sem starfa við rannsóknir eftir því sem næst verður

<sup>33</sup> Fyrsta íslenska konan sem lauk doktorsprófi var Björg C. Þorláksson, árið 1926 frá Sorbonne háskóla í París.


<sup>34</sup> Þetta eru Anne Holtsmark (1961), Margrét II Danadrottning (1986), Anna Sigurðardóttir (1986), Auður Eir Vilhjálmsdóttir (2000), Elsa E. Guðjónsson (2000), Vigdís Finnbogadóttir (2000) og Jonna Louis-Jensen (2001).



komist, út frá þeim gögnum sem nú liggja fyrir. Upplýsingarnar byggja á könnun sem RANNÍS framkvæmdi meðal æðri menntastofnana, opinberra stofnana, sjálfseignastofnana og fyrirtækja, og öðrum gögnum sem nefnd um konur og vísindi hefur tekið saman.

## Fjöldi kvenna í rannsóknum og þróun

Á árinu 2000 kannaði RANNÍS umfang rannsókna og þróunarstarfs meðal stofnana og fyrirtækja árið á undan (1999). RANNÍS gerir slíkar kannanir annað hvert ár og hefur verið leitast við að fá upplýsingar um kyn þeirra sem starfa að rannsóknum og þróun en ekki fengist fullnægjandi svör. Í þetta sinn var gert sérstakt átak til að bæta hér úr. Var það m.a. vegna hvatningu nefndar um konur og vísindi. Könnunin náði til æðri menntastofnana, opinberra rannsóknastofnana, sjálfseignarstofnana og fyrirtækja.<sup>35</sup> Gefur könnunin víðtækar upplýsingar m.a. um fjölda og ársverk starfandi fólks við vísindi og þróun eftir kyni, starfsstétt, menntun og fagsviði.




Heimild: Rannsóknarráð Íslands.

Starfandi einstaklingar við rannsóknir og þróun árið 1999 voru 4.158, þar af 1.525 konur (37%) og 2.633 karlar (63%). Í könnun RANNÍS var athuguð skipting þriggja starfsstétta: sérfræðingar, tæknilegt aðstoðarfólk og annað starfsfólk.<sup>36</sup> Hlutfall karla sem sérfræðinga er hærra en hlutfall kvenna, 33% eru konur á móti 67% körlum. Í hópnum tæknilegs aðstoðarfólks voru konur 37% og í hópnum „annað starfsfólk“ voru þær 54%.

Þegar menntunarstig fólks sem starfar við rannsóknir og þróun er skoðað eftir kyni kemur í ljós að 12% kvenna er með doktorspróf og 56% eru með aðra háskólamenntun. Hjá körlum eru 24% með doktorspróf og 50% með aðra háskólamenntun.

<sup>35</sup> Sjálfseignarstofnanirnar sem hér um ræðir eru: Hjartavernd, Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands, Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands, Reykjavíkurakademían, Fornleifastofnun og Rannsóknastofa í sameinda og frumulíffræði.

<sup>36</sup> Sérfræðingar (researchers, scientists and engineers) eru þeir sem móta rannsóknaverkefni og skapa nýja þekkingu, vöru og aðferð. Þeir eru ennfremur stjórnendur sem tengdir eru vísindalegu starfi. Tæknilegt aðstoðarfólk (technicians and equivalent staff) eru þeir sem framkvæma tæknilega vinnu í sambandi við rannsóknir, venjulega undir leiðsögn sérfræðings. Annað starfsfólk (other supporting staff) vísar t.d. til ritara og skrifstofufólks sem tekur þátt í R&P verkefnum eða vinnur í beinu sambandi við þau.




Heimild: Rannsóknarráð Íslands.

Ef einungis eru skoðaðir þeir sem eru með doktorspróf í þeim fyrirtækjum og stofnunum sem könnun RANNÍS náði til, eru konur 22% og karlar 28%. Innan þessara sömu stofnana og fyrirtækja er hlutur kvenna og karla einungis jafn meðal fólks með framhaldsmenntun og aðra menntun.

Könnunin tók eins og áður er getið til fjögurra mismunandi framkvæmdaaðila. Konur voru 40% þeirra sem störfuðu við rannsóknir bæði hjá æðri menntastofnunum og opinberum stofnunum og karlar 60%. Hjá fyrirtækjum var hlutfall kvenna 26% en hæst var hlutfall þeirra hjá sjálfseignarstofnunum, 61% á móti 39% karla. Þetta háa hlutfall kvenna á sjálfseignarstofnunum skýrist m.a. með því að þessar stofnanir eru á sviði heilbrigðisvísinda og hugvísinda þar sem konur eru jafnan fjölmennar.

Könnunin sýnir jafnframt að stærstur hluti kvenna eða 38% starfar hjá æðri menntastofnunum á meðan stærstur hluti karla starfar hjá fyrirtækjum, 31%. Þriðjungur kvenna og rúmur fjórðungur karla starfar í opinberum stofnunum.



Heimild: Rannsóknarráð Íslands.


Konur eru þriðjungur sérfræðinga sem starfa við rannsóknir og þróun eins og áður hefur komið fram.<sup>37</sup> Skipting sérfræðinga eftir kyni hjá þeim fjórum framkvæmdaaðilum sem hér um ræðir gefur til kynna að hlutfall kvenna er

<sup>37</sup> Skilgreining á hvað er átt við með hugtakinu sérfræðingur kom fram hér á undan.


35% meðal sérfræðinga hjá æðri menntastofnunum (sambærilegt meðaltal fyrir lönd ESB um 30%), 37% hjá opinberum stofnunum (34% að meðaltali hjá þeim ESB löndum þar sem upplýsingar eru tiltækar)<sup>38</sup>, 54% hjá sjálfseignarstofnunum og loks 23% hjá fyrirtækjum.

Hjá æðri menntastofnunum og opinberum rannsóknastofnunum var starfandi fólk flokkað eftir sex fagsviðum: raunvísindi, verkfræði og tækni, heilbrigðisvísindi, fiskveiðar og landbúnaðarvísindi, félagsvísindi og hugvísindi. Hjá sjálfseignarstofnunum voru aðeins tvö fagsvið og hjá fyrirtækjum vantaði upplýsingar um starfandi fólk við rannsóknir og þróun eftir fagsviðum.

Kynjahlutföllin konur 40-45% og karlar 55-60% eiga við um sérfræðinga á fagsviðunum fjórum; verkfræði og tækni, heilbrigðisvísindi, félagsvísindi og hugvísindi, bæði hjá æðri menntastofnunum og opinberum stofnunum. Á sviði raunvísinda er hlutfall kvenna mun minna hjá æðri menntastofnunum, 24% konur og 76% karlar. Hjá opinberum rannsóknastofnunum er þetta hlutfall kvenna og karla 37% og 63%. Í fiskveiða- og landbúnaðarvísindum er hlutfall kvenna og karla nokkuð jafnt hjá æðri menntastofnunum en hallar aftur á móti mjög á konur hjá opinberum stofnunum þar sem þær eru aðeins 31%.



Heimild: Rannsóknarráð Íslands.



Heimild: Rannsóknarráð Íslands.

<sup>38</sup> *Statistics in focus, Science and technology, Theme 9 – 7 2001*, gefið út af Eurostat, ESB, 26.10. 2001.


Samkvæmt könnun RANNÍS var fjöldi ársverka starfsfólks við rannsóknir og þróun 2.390 árið 1999, 851 ársverk kvenna og 1.539 ársverk karla. Könnunin sýndi að fjöldi einstaklinga um hvert ársverk í rannsóknum og þróun er áþekkt hjá konum og körlum. Það eru 1,8 einstaklingar um hvert ársverk kvenna og 1,7 um hvert ársverk karla.

## Konur í rannsóknastörfum í háskólum

Starfsskylda fastráðinna háskólakennara felst í kennslu, rannsóknum og stjórnun. Við Háskóla Íslands er t.d. gert ráð fyrir að u.þ.b. 51% starfsins felist í kennslu, 43% í rannsóknum og 6% í stjórnun. Rannsóknir eru því verulegur þáttur í starfsskyldum fastráðinna háskólakennara. Að jafnaði hafa stundakennarar enga rannsóknaskyldu þótt sumir þeirra sinni fjölbreytilegum rannsóknum. Einnig starfa sérfræðingar að rannsóknum við rannsóknastofnanir innan háskóla á Íslandi.

Hagstofa Íslands hóf söfnun upplýsinga um starfslið á framhaldsskóla- og háskólastigi árið 1999 en fyrir þann tíma eru heimildir um fjölda háskólakennara úr ýmsum áttum. Tölur Hagstofunnar fyrir árið 2000 liggja nú fyrir.

Karlar eru í meirihluta meðal háskólakennara, þó svo konum í stöðum háskólakennara hafi fjölgað á síðustu árum. Í febrúar 2000 voru konur 9% prófessora, 29% dósentar og 52% lektorar hér á landi. Konur eru tæpur helmingur (48%) annarra kennara á háskólastigi sem telur um 1000 manns, einkum stundakennara. Konur eru 43% sérfræðinga og annars sérhæfðs starfsfólks.



Heimild: Menntamálaráðuneytið og Hagstofa Íslands.

Árið 1950 var fyrsta konan fastráðin sem kennari við Háskóla Íslands. Þá var Ragnheiður Guðmundsdóttir, lækni, ráðin til að kenna lífeðlisfræði. Margrét Guðnadóttir, lækni, varð síðan fyrst íslenskra kvenna prófessor við Háskóla Íslands árið 1969. Fyrir voru 51 karl í hópi prófessora. Á þessum tímamótum voru konur hvorki dósentar né lektorar en í heimildum er getið um 9 konur sem stundakennara/aukakenndu og eina sem sendikennara.<sup>39</sup> Í febrúar 2000 voru 15 konur prófessorar hér á landi en karlar í þeim hópi voru orðnir 154. Á þrjátíu ára tímabili hafði hlutfall kvenna í stétt prófessora því einungis vaxið úr 2% í 9%. (Hlutfall kvenna meðal prófessora í löndum ESB árið 1999 var um 11%, lægst 5% á Írlandi og hæst 18% í Finnlandi).<sup>38</sup>

<sup>39</sup> Fræðslumálaskrifstofan (1968-1971). Skrá yfir starfandi kennara 1968-1972.

Árið 1995 voru auglýstar fimm nýjar stöður rannsóknaprófessora við Háskóla Íslands. Stöðurnar voru auglýstar til fimm ára með möguleika á framlengingu í tvö ár. Dómnefnd tilnefnd af RANNÍS og Háskóla Íslands, sem í sátu þrjár karlar, mælti með fimm körlum úr hópi 50 umsækjenda. Engin kona var því meðal þessara fimm nýju rannsóknaprófessora.

## Úthlutanir styrkja til rannsókna

RANNÍS hefur umsjón með öflugustu innlendu sjóðunum sem styrkja íslenskar rannsóknir. Stærstu sjóðirnir eru Vísindasjóður (veitir styrki til verkefna á sviði grunnrannsókna) og Tæknisjóður (veitir styrki til hagnýtra rannsókna, þróunar og nýjunga). Að auki hefur RANNÍS frá árinu 1997 haft umsjón með Rannsóknánámssjóði. Markmið hans er að styrkja meistara- og doktorsnema. Árið 1999 auglýsti RANNÍS fimm ára markáætlanir um upplýsingatækni og umhverfismál til að efla þessi vísindasvið og á einkum að ná til ungs vísindafólks. Launasjóður fræðiritahöfunda sem stofnaður var 1999 er einnig í umsjón RANNÍS en hans verður getið nánar síðar. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands er mikilvægur sjóður sem styður vísindarannsóknir fastráðinna háskólakennara, stundakennara sem kenna mikið við stofnunina og fastráðinna sérfræðinga.<sup>40</sup> Úthlutanir úr öllum þessum sjóðum byggja á mati á hæfi umsækjanda og mikilvægi rannsóknaverkefnanna.

Upplýsingar liggja fyrir um umsækjendur og styrkþega þessara fimm helstu vísindasjóða frá 1996 til ársins 2002 eftir því sem við á. Þá eru tiltækar tölur um styrkfjárhæðir eftir kyni hjá tveimur sjóðum, Vísindasjóði og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

### 2. Umsækjendur hjá helstu vísindasjóðum eftir kyni 1996–2001

Fjöldi	1996	1997	1998	1999	2000	2001
<b>Konur</b>	<b>210</b>	<b>243</b>	<b>254</b>	<b>277</b>	<b>252</b>	...
Vísindasjóður	109	112	117	116	113	110
Tæknisjóður	42	39	42	36	34	...
Rannsóknánámssjóður	.	35	38	39	40	...
Markáætlun um uppl.tækni og umhv.mál <sup>1</sup>	.	.	.	27	6	27
Rannsóknasjóður H.Í.	59	57	57	59	59	61
<b>Karlar</b>	<b>689</b>	<b>636</b>	<b>593</b>	<b>662</b>	<b>513</b>	...
Vísindasjóður	293	256	244	203	195	197
Tæknisjóður	236	185	167	167	135	...
Rannsóknánámssjóður	.	37	30	39	31	...
Markáætlun um uppl.tækni og umhv.mál <sup>1</sup>	.	.	.	104	19	45
Rannsóknasjóður H.Í.	160	158	152	149	133	118

<sup>1</sup> Árið 2000 er eingöngu um framhaldsstyrki að ræða.

Heimild: Rannís og skrifstofa rannsóknasviðs Háskóla Íslands.

Samanlagt voru tæpir 900 umsækjendur hjá sjóðunum árið 1996 sem þá voru þrjár. Þeir voru heldur færri næstu tvö árin en fjölgaði aftur árið 1999 með tilkomu Markáætlana. Árið 2000 fækkaði umsækjendum aftur en þá voru þeir 765.

<sup>40</sup> Sambærilegir sjóðir veita styrki til starfsmanna Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Það eru hins vegar mjög litlir sjóðir.

Almennt gildir að færri konur en karlar sækja um styrki í helstu vísindasjóði á tímabilinu 1996-2000. Það veður athygli að á sama tímabili fækkaði þeim sem sóttu um í þessa sjóði. Færri karlar en áður sóttu um, en fjöldi kvenumsækjenda stóð hins vegar í stað. Hlutfall kvenna meðal umsækjanda hækkar því. Konur voru tæpur fjórðungur umsækjenda árið 1996 (23%) en voru þriðjungur umsækjenda árið 2000 (33%).

### 3. Styrkþegar hjá helstu vísindasjóðum eftir kyni 1996–2001

Fjöldi	1996	1997	1998	1999	2000	2001
<b>Konur</b>	<b>133</b>	<b>161</b>	<b>167</b>	<b>167</b>	<b>151</b>	...
Vísindasjóður	59	73	75	64	64	68
Tæknisjóður	24	25	25	25	15	...
Rannsóknánámssjóður	.	12	20	19	18	...
Markáætlun um uppl.tækni og umhv.mál <sup>1</sup>	.	.	.	10	6	18
Rannsóknasjóður H.Í.	50	51	47	49	48	53
<b>Karlar</b>	<b>428</b>	<b>416</b>	<b>390</b>	<b>384</b>	<b>335</b>	...
Vísindasjóður	170	148	137	122	118	120
Tæknisjóður	124	127	105	83	80	...
Rannsóknánámssjóður	.	8	15	12	14	...
Markáætlun um uppl.tækni og umhv.mál <sup>1</sup>	.	.	.	34	18	26
Rannsóknasjóður H.Í.	134	133	133	133	105	98

<sup>1</sup> Árið 2000 er eingöngu um framhaldsstyrki að ræða.

Heimild: Rannis og skrifstofa rannsóknasviðs Háskóla Íslands.

Fjöldi styrkþega var um 560 á ári hverju árin 1996–1999 en lækkaði í 486 árið 2000. Konur voru 24% styrkþega árið 1996 en höfðu aukið hlut sinn í 31% árið 2000.

Þegar litið er til einstakra sjóða hefur þróunin verið í svipaða átt, þ.e. vægi kvenna eykst lítillega meðal umsækjenda og styrkþega en hlutur þeirra er misjafn eftir sjóðum. Lægst er hlutfall kvenna meðal umsækjenda Tæknisjóðs, hækkar þó úr 15% í 20% á tímabilinu, en hæst meðal umsækjenda Rannsóknánámssjóðs þar sem þær eru um og yfir helmingur öll árin.<sup>41</sup> Árið 2001 voru konur 36% umsækjenda og styrkþega hjá Vísindasjóði og um 34% hjá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.





Þegar litið er til hlutfalls styrkþega af umsækjendum (e. success rate) hjá ofangreindum fimm sjóðum koma konur og karlar ekki ósvipað út þetta tímabil því að 58% - 66% kven- og karlumsækjenda fengu styrki. Árið 2000 var þetta hlutfall 60% hjá konum og 65% hjá körlum á heildina litið.

Þetta hlutfall er þó breytilegt eftir sjóðum. Vel yfir 80% umsækjenda hjá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fá styrki. Árið 2001 var þetta hlutfall kvenna 87% og karla 83%. Hjá Vísindasjóði hefur hlutfall þeirra sem fá styrki af þeim sem sækja um verið um 60% yfir tímabilið. Árið 2001 var árangur meðal kvenna 62% og karla 61%.<sup>42</sup> Eru hlutföllin heldur lægri fyrir Tæknisjóð og Rannsókná-

<sup>41</sup> Tölur um umsækjendur og styrkþega Tæknisjóðs vísa til verkefnisstjóra allra umsókna og styrkja Tæknisjóðs þ.e. vegna verkefnastyrkja, forverkefna og verkefna vegna tæknimanna í fyrirtækjum.

<sup>42</sup> Úr Vísindasjóði er úthlutað til nýrra verkefna en einnig er úthlutað framhaldsstyrkjum til verkefna sem áður hafa hlotið styrk frá sjóðnum. Árið 2002 fengu t.d. einungis 20% þeirra úthlutun sem sóttu um styrk til nýrra verkefna. Hins vegar fengu flestir þeir sem sóttu um framhaldsstyrk úthlutað ef ljóst var að umsækjendur fylgdu rannsóknaráætlun.

námssjóð og sveiflukenndari milli kynja og milli ára. Árið 2000 fengu 44% umsækjenda kvenna hjá Tæknisjóði styrk samanborið við 59% karla en sambærilegt hlutfall var um 45% hjá báðum kynjum hjá Rannsóknánámssjóði.<sup>43</sup> Í Markáætlun fékk um þriðjungur umsækjenda bæði meðal kvenna og karla styrk árið 1999 og 67% kvenna og 58% karla árið 2001.



Heimild: Rannsóknarráð Íslands og skrifstofa rannsóknasviðs Háskóla Íslands.


Árið 2001 fóru 40% styrkja sem komu í hlut kvenna hjá Vísindasjóði til verkefna á sviði heilbrigðis- og lífvísinda, um fimmtungur til hugvísinda og annar fimmtungur til félagsvísinda (hafði aukist úr 12% árið 1996) en 18% til náttúruvísinda og umhverfisrannsókna. Hjá körlum skipuðu náttúruvísindin stærstan sess með þriðjung styrkja, heilbrigðisvísindi (28%), hugvísindi (26%) og loks félagsvísindi (13%).

Sé litið á kynjaskiptinguna innan fagsviða árið 2001 var hlutfall kvenna hæst meðal styrkþega á sviði félagsvísinda (47%), þessu næst heilbrigðis- og lífvísinda (45%), þá hugvísinda (33%) og loks náttúru- og umhverfisrannsókna (23%). Hjá Tæknisjóði, þar sem konur eru aðeins 16% styrkþega árið 2000, fara langflestir styrkja til verkfræði og tækni hjá báðum kynjum, en jafnframt fer þriðjungur styrkja kvenna til landbúnaðarvísinda.


<sup>43</sup> Tölur um umsækjendur og styrkþega Tæknisjóðs vísa til verkefnisstjóra allra umsókna og styrkja Tæknisjóðs þ.e. vegna verkefnastyrkja, forverkefna og verkefna vegna tæknimanna í fyrirtækjum.

Eins og hjá Vísindasjóði fara styrkir kvenna hjá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands árið 2002 að stærstum hluta til heilbrigðisvísinda (42%), þá til hug- og félagsvísinda (36%) og loks tæpur fjórðungur til tækni- og náttúruvísinda (23%). Hjá körlum er röðin tækni- og náttúruvísindi, heilbrigðisvísindi og loks hug- og félagsvísindi.

Upplýsingar fengust um fjárhæðir styrkja hjá Vísindasjóði og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Árin 1996–2001 voru meðalstyrkir til kvenna hjá Vísindasjóði svipaðir meðalstyrkjum karla. Fyrstu tvö árin fengu þær hlutfallslega meira en síðustu tvö árin hafa þær borið minna úr býtum.



Heimild: Rannsóknarráð Íslands.



Heimild: Skrifstofa rannsóknasviðs Háskóla Íslands.

Hjá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands liggja fyrir tölur bæði um fjárhæðir umsókna og styrkja tímabilið 1996–2002. Á heildina litið sækja konur þar um svipaðar upphæðir og karlar að fyrstu tveimur árunum undanskildum en uppskera lægri styrki en karlar öll árin. Athugun á meðaltali styrkja árið 2002 leiðir eftirfarandi í ljós. Tengsl virðast vera á milli hærra stöðuheitis og hærri styrkja. Hins vegar fá kvenprófessorar að meðaltali hærri styrki en karlprófessorar. Þær eru þó mun færri en karlarnir. Sama og engin munur virðist



vera meðal dósenta. Kvenlektorar fá að meðaltali lægri styrki en karlkyns lektorar.<sup>44</sup>

Launasjóður fræðiritahöfunda var stofnaður árið 1999. Sjóðnum er ætlað að styrkja þá sem fást við samningu fræðiefnis fyrir almenning og gegna ekki fastri stöðu háskólakennara. Tvisvar hefur verið úthlutað úr sjóðnum þ.e. árin 2000 og 2001. Fjöldi umsækjenda hvort árið var rúmlega 60. Konur voru fimmtungur þeirra fyrra árið og þriðjungur það síðara. Hvort árið var úthlutað átta styrkjum að upphæð tæplega einni milljón króna hver og hlutu þrjár konur og fimm karlar styrki hvort ár.

Kristnihátíðarsjóður var stofnaður með lögum árið 2001. Hlutverk sjóðsins er tvíþætt; að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar siðferði og framtíðarsýn, að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum. Starfstími sjóðsins er fimm ár. Alþingi kýs þriggja manna stjórn sjóðsins og varamenn. Þá eru tvær verkefnisstjórnir sem leggja mat á umsóknir.

Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram árið 2001. Verkefnisstjórn um trúar- og menningararf bárust 139 umsóknir og sótt var um 490 milljónir króna samtals. Í hópi umsækjenda (verkefnisstjóra) voru 42 konur eða 30%. Alls fengu 43 úthlutað styrkjum að upphæð 48 milljónir króna sem skiptust á milli 20 kvenna og 23 karla og fengu öll 1,1 milljónir króna að meðaltali en styrkir voru misháir yfirleitt frá 500 þúsundum til 1,6 milljóna króna en einn styrkur var að upphæð 4 milljónir króna.

Verkefnisstjórn á sviði fornleifarannsókna bárust 29 umsóknir, þar af 13 frá konum, samtals að fjárhæð rúmar 200 milljónir króna. Var átta umsækjendum veittur styrkur samtals að upphæð 48 milljónir króna. Í þeim hópi voru fimm konur og þrjú karlar, en styrkuppahæðir 2-11 milljónir króna. Verkefni kvenna fengu samtals 33,5 milljónir króna og verkefni karla 14,5 milljónir króna.<sup>45</sup>

Öndvegisstyrkjum var í fyrsta skipti úthlutað árið 2002. Öndvegisstyrkir eru veglegir rannsóknastyrkir sem RANNÍS veitir til öflugra rannsóknahópa. Fjögur verkefni voru styrkt í þessari fyrstu úthlutun. Styrkuppahæðirnar voru á bilinu 18-21 milljónir sem dreifast á þriggja ára tímabil. Kona stýrir einu þessara verkefna.<sup>46</sup>

Frá árinu 1987 hefur RANNÍS árlega veitt svokölluð Hvatningarverðlaun til efnilegra vísindamanna yngri en 40 ára. Auk heiðursins fylgja vegleg peninga-

<sup>44</sup> Styrkir Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands fara að u.þ.b. 80% hluta til aðstoðarfólks. Aðrir meginstyrkþættir eru efni og yfirvinna. Yfirvinnustyrkir eru að hámarki 300 þúsund kr. Meðalstyrkur árið 2002 til prófessora er hærri en til dósenta sem er hærri en til lektora. Níu konur úr röðum prófessora fengu styrk úr sjóðnum á móti 53 körlum úr þessum hópi. Að meðaltali komu hærri upphæðir í hlut kvenprófessora (1.010 þús. kr.) en í hlut karlprófessora (871 þús. kr.). Einnig sóttu konurnar í þessum hópi (1.669 þús. kr.) um hærri upphæðir að meðaltali en karlarnir (1.392 þús. kr.). Af dósentum fengu 20 konur styrk og 22 karlar. Að meðaltali komu svipaðar upphæðir í hlut karla (707 þús. kr.) og kvenna (703 þús. kr.) úr röðum dósenta. Konurnar sóttu þó um lægri styrki (1.244 þús. kr.) en karlar (1.481 þús. kr.). Í röðum lektora fengu tíu konur styrk sen nam að meðaltali 415 þkr. á móti 7 körlum sem fengu styrk að meðaltali 646 þkr. Karlar úr hópi lektora sóttu að meðaltali um 1066 þkr. en konurnar um 923 þús. kr. Í hópnum "aðrir" voru 14 konur og 14 karlar. Konurnar fengu að meðaltali 582 þús. kr., en sóttu að meðaltali um 1.666 þús. kr. Karlar fengu að meðaltali 496 þús. kr. en sóttu um að meðaltali 807 þús. kr.

<sup>45</sup> Forsætisráðuneytið. Fréttatilkynning 1.des. 2001, Úthlutun styrkja úr Kristnihátíðarsjóði.

<sup>46</sup> Nánari upplýsingar um þetta er að finna á heimasíðu RANNÍS <http://www.rannis.is>.

verðlaun. Á síðustu árum hafa þau numið einni milljón króna. Af 15 verðlaunahöfum eru einungis þrjár konur.

## Rannsóknavirkni

Í Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri eru rannsóknir hluti af starfsskyldum lektora, dósentar og prófessora (43%). Samræmt matskerfi (grunnmat) var innleitt í kjarasamningum háskólakennara árið 1999, en prófessorar hafa haft slíkt kerfi síðan 1998.<sup>47</sup> Starfsfólki ber að skila skýrslu um rannsóknir sínar einu sinni á ári svo hægt sé að leggja mat á rannsóknavirkni. Í framtíðinni mun verða til nákvæmt yfirlit um rannsóknavirkni í háskólum á Íslandi. Vegna þess hve kerfið er nýtt liggja þessi gögn ekki fyrir nema að takmörkuðu leyti. Hér verður því ekki fjallað sérstaklega um þennan þátt heldur einungis vikið örstutt að rannsóknavirkni innan Háskóla Íslands út frá gögnum rannsóknasviðs skólans og reifaðar helstu vísbendingar sem þau gefa um stöðu karla og kvenna.

Gögnum rannsóknasviðs Háskóla Íslands er skipt upp eftir þremur sviðum: Hug- og félagsvísindi, heilbrigðisvísindi og verk- og raunvísindi, en þessi þrjú svið eru mismunandi fjölmenn. Þegar tímabilið 1998-2000 er skoðað kemur í ljós að rannsóknavirkni kvenna í lektors- og dósentastöðum er í heildina jöfn eða meiri en rannsóknavirkni karla í sömu störfum. Á þessu er ein undantekning en það eru dósentar í hug- og félagsvísindum þar sem karlar hafa meiri rannsóknavirkni en konur. Hjá prófessorum er rannsóknavirkni karla og kvenna nokkuð jöfn. Rannsóknavirkni er metin út frá rannsóknaskýrslum sem skilað er inn árlega. Nokkur hópur (tæplega einn af hverjum tíu) hefur enga rannsóknavirkni í gögnum rannsóknasviðs, sem skýrist annað hvort af því að rannsóknaskýrslu er ekki skilað inn eða að um enga rannsóknavirkni er að ræða. Karlar eru hlutfallslega fleiri í þessum hópi en konur.

Þessar tölur sýna að rannsóknavirkni kvenna innan Háskóla Íslands er meiri en fyrri úttektir á vinnumatssjóði Félags háskólakennara sýndu. Í kjarasamningi Félags háskólakennara og ríkisins árið 1989 var komið á fót vinnumatsskerfi til að meta yfirvinnu háskólakennara við rannsóknir og greiða þeim uppbót fyrir hana. Í úttekt sem jafnréttisnefnd Háskóla Íslands gerði árið 1997 á úthlutunum úr vinnumatssjóði á fimm ára tímabili, frá 1993-1997, kom í ljós að færri konur fengu úthlutað úr sjóðnum og greiðslur til þeirra voru lægri en til karla.<sup>48</sup> Sérstaklega var mikill kynjamunur í lægstu störfunum en hann minnkaði eftir því sem ofar dró og var horfinn meðal prófessora.<sup>49</sup>

Nýja grunnmatsskerfið er öllu ítarlegra og hlutlægara en kerfið sem það leysti af hólmi. Því má leiða líkum að því að nýja kerfið geri rannsóknavirkni kvenna sýnilegri en áður var.

## Samantekt

Í þessum kafla eru dregnar saman tölfræðilegar upplýsingar um konur sem stunda störf við rannsóknir og þróun. Hér er að finna fjölda þeirra samborið við karla, starfssvið þeirra og upplýsingar um úthlutanir úr íslensku styrkjakerfi

<sup>47</sup> Í kafla tvö var þessu kerfi lítillega lýst.

<sup>48</sup> Þorgerður Einarsdóttir, "Kynjamunur í vinnumatsskerfi háskólakennara", *Fréttablað Háskóla Íslands*, 1. tbl. 1998, bls. 32-33.

<sup>49</sup> Eins og fyrr hefur komið fram eru konur fáar í hópi prófessora.

til rannsókna. Fram kemur að karlar eru í meirihluta þeirra sem starfa við rannsóknir og þróun. Þeir eru einnig í meirihluta þeirra sem sækja um og fá styrki úr rannsóknasjóðum. Hins vegar er hlutfall styrkþega af umsækjendum (e. success rate) nokkuð svipað hjá kynjunum.

## Stjórnkerfi rannsókna og vísinda

Hér verður fjallað um hlut kvenna í stjórnkerfi rannsókna. Þegar tölur eru skoðaðar kemur í ljós að hlutur kvenna í stefnumótun á sviði rannsókna er víða rýr. Þetta sést t.d. þegar litið er á stjórnir háskóla og opinberra rannsóknastofnana.

## Stjórn ríkisins á sviði vísinda og rannsókna

Í þessari skýrslu hefur fyrr verið bent á að íslenskir háskólar og rannsóknastofnanir heyra undir ólík ráðuneyti eftir sviðum, þ.e. sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Menntamálaráðuneytið ber þó ábyrgð á stefnumótun á sviði vísinda og tækni. Karlar hafa ætíð gegnt embætti menntamálaráðherra með einni undantekningu. Árin 1983-1985 var Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra, fyrst kvenna. Af þeim sem gegna formennsku í þingnefndum á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar- og viðskipta, umhverfismála og menntamála er nú ein kona.<sup>50</sup> Í landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd og umhverfisnefnd er kynjaskipting nokkuð jöfn. Konur gegna ráðherraembættum í tveimur af þeim ráðuneytum sem talin voru upp hér að ofan. Þær eru Siv Friðleifsdóttir, umhverfissráðherra, og Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Í einu þessara ráðuneyta er kona ráðuneytisstjóri, en það er Guðríður Sigurðardóttir í menntamálaráðuneytinu.

## Hákólaráð

Við aðeins einn af átta háskólum á Íslandi gegnir kona í dag starfi háskóla-rektors. Það er við Háskólann í Reykjavík. Hún er fyrsta og eina konan sem gegnt hefur starfi rektors í 90 ára sögu háskólastigsins á Íslandi.<sup>51</sup>

Misjafnt er eftir skólum og tímabilum hve margir sitja í háskólaráði eða sambærilegri stjórn háskóla. Heiti stjórna er einnig breytilegt. Skólaárið 2001-2002 sitja fimm til tólf fulltrúar í þessum skólastjórnnum og í heild eiga þar sæti 58 manns sem aðalmenn. Þar af eru 13 konur eða rúm 22%. Í tveimur skólanna situr engin kona í stjórn, þ.e. í Háskólanum í Reykjavík og Tækniskóla Íslands og hefur svo verið undanfarin ár.


Í öðrum skólum er hlutfall kvenna í háskólaráði frá 14%, í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri til 40% í Háskólanum á Akureyri en þar sitja tvær konur af fimm. Árin 1999-2001 var hins vegar engin kona í háskólaráði Háskólans á Akureyri. Það er óvenjulegt því síðasta áratuginn hafa konur verið um þriðjungur háskólaráðsfulltrúa þar og um tíma nær helmingur. Konur skipa

<sup>50</sup> Sigríður Anna Þórðardóttir hefur undanfarin ár verið formaður menntamálanefndar Alþingis, en nýverið tók Gunnar Birgisson við því starfi. Menntamálnefnd Alþingis fjallar um þingmál á sviði mennta og rannsókna. Drífa Hjartardóttir er formaður landbúnaðarnefndar Alþingis.

<sup>51</sup> Þess má geta að á framhaldsskólastigi eru konur um 44% kennara og 21% skólameistara árið 2000.

Þriðjung sæta í háskólaráði Viðskiptaháskólans á Bifröst og hefur svo verið síðastliðin þrjú ár. Það er aukning frá fyrri tíð.


Í háskólaráði Háskóla Íslands, stærsta háskóla landsins, sitja þrjár konur af tíu fulltrúum (30%). Þær voru fimm af 17 fulltrúum 1998-1999 (29%). Lengst af á tímabilinu 1990-1997 áttu tvær konur sæti í ráðinu sem þá var skipað 16 fulltrúum (13%). Í Kennaraháskólanum eru núna tvær konur af níu fulltrúum háskólaráðs eða 22% og er hlutfallið óvenju lágt því frá 1990 hafa konur verið á bilinu þriðjungur til helmingur fulltrúa eða þar yfir. Í stjórn Listaháskólans er ein kona af fimm fulltrúum (20%).



Heimild: Hagstofa Íslands.

## Stjórn RANNÍS, fagráð og úthlutunarnefndir

Í Rannsóknarráði Íslands sitja 11 fulltrúar sem eru skipaðir til þriggja ára í senn. Ráðið hefur verið skipað þrisvar síðan lög um það voru sett árið 1994. Í ráðunum sem skipuð voru 1994 og 1997 voru karlar í miklum meirihluta eða 9 af 11 og gildi það bæði um aðalmenn og varamenn. Hlutföllin breyttust árið 2000 þegar konum fjölgaði úr tveimur í fjórar og urðu þar með 36% stjórnarmanna í Rannsóknarráðinu bæði sem aðalmenn og varamenn.



Heimild: Rannsóknarráð Íslands.

Í fagráðum RANNÍS sitja 5-8 fulltrúar, mismunandi margir eftir fagráðum. Hlutfall kynjanna hefur ávallt verið jafnara í fagráðunum en í Rannsóknarráði sjálfu. Á síðustu árum hefur hlutur kvenna aukist þar jafnt og þétt. Árin 1994-1995 voru konur 19% og karlar 81% þeirra sem sátu í fagráðunum. Á tímabilinu 2001-2002 hafði konum fjölgað. Þá voru þær 39% fulltrúa. Hlutfall kvenna er misjafnt eftir fagráðum. Það er frá 20% í fagráðum fyrir hugvísindi og upplýsingatækni til um 60% í fagráðum um félagsvísindi og heilbrigðis- og lífvísindi.

Úthlutunarnefndir Tæknisjóðs og Vísindasjóðs eru hvor um sig skipaðar 5 fulltrúum. Í úthlutunarnefnd Tæknisjóðs hafa karlar verið í meirihluta síðan 1994. Þeir voru fjórir af fimm fulltrúum frá 1994-1997 er þeim fækkaði um einn. Frá 2000 hafa karlar aftur verið fjórir af fimm fulltrúum. Í úthlutunarnefnd Vísindasjóðs hafa kynjahlutföllin verið jafnari. Þar voru karlar reyndar í meirihluta frá 1994-1997, en síðan þá hafa hlutföllin verið nokkuð jöfn.

Í úthlutunarnefnd Markáætlana um upplýsingatækni og umhverfismál hafa frá upphafi setið 3 karlar og 3 konur. Í framkvæmdanefnd Markáætlana sitja fulltrúar frá Rannsóknarráði Íslands, einnig 3 karlar og 2 konur.

Í stjórn Rannsóknánámssjóðs sem er í umsjá RANNÍS hafa setið tvær konur og einn karl tímabilið 1997-2002 að undanskildum árunum 1999-2000 þegar þessu var öfugt farið. Fyrstu tvö árin sem Launasjóður fræðiritahöfunda starfaði, 1999-2001, voru í þriggja manna stjórn hans ein kona og tveir karlar.<sup>52</sup> Nú eiga sæti í nýrri stjórn hans tvær konur og einn karl.

## Aðrar stjórnir

Í vísindanefnd Háskóla Íslands, sem ber m.a. ábyrgð á styrkveitingum úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, hafa sjö fulltrúar setið síðan árið 2000, en voru sex áður. Árið 1997 voru fjórir karlar og tvær konur í stjórninni, en síðan þá eru kynjahlutföllin næstum jöfn. Nú eiga þrjú karlar og fjórar konur (57%) sæti í stjórninni.

Í stjórn Kristnihátíðarsjóðs eiga sæti þrjú fulltrúar og sama gildir um tvær verkefnisstjórnir sem heyra undir sjóðinn. Í öllum þessum eiga bæði kynin fulltrúa. Tvær konur voru í stjórn og ein kona í hvorri verkefnastjórninni árið 2001.

Lengi hefur áherslan í stuðningi ríkisins við rannsóknir einkum verið á fjármögnun rannsókna í háskólum og á vegum opinberra rannsóknastofnana. Eins og áður hefur komið fram eru þessar rannsóknastofnanir átta: Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Orkustofnun, Veiðimálastofnun, Iðntæknistofnun, Rannsóknastöð skógræktarinnar, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hafrannsóknastofnunin. Árið 2001 sat aðeins ein kona og 26 karlar í stjórnnum þessara átta stofnana. Sat konan í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Þar hefur kona átt sæti frá 1997. Í stjórn Hafrannsóknastofnunar sat kona árin 1990-1991 og 1998-2000. Ekki hafa fleiri konur setið í stjórnnum rannsóknastofnanna atvinnulífsins né hefur kona verið skipuð forstöðumaður þeirra tímabilið 1990-2002.

Í viðauka við ársskýrslu RANNÍS árið 2000 er listi yfir rannsóknastofnanir og þar er jafnframt getið um forstöðumenn þeirra. eru stofnanirnar flokkaðar í

<sup>52</sup> Varamenn voru hins vegar einn karl og tvær konur. Önnur þeirra tók sæti í stjórn síðara árið.


rannsóknastofnanir atvinnulífsins, Háskóla Íslands og tengdar stofnanir, aðrar háskólastofnanir, aðrar æðri menntastofnanir, sjálfseignarstofnanir og loks aðrar ríkisstofnanir. Alls eru þetta 89 stofnanir þar af eru konur forstöðumenn í 12 eða 13% þeirra. Fjórar kvennanna stýra sameignarstofnun, ein er í forsvari fyrir æðri menntastofnun, fjórar stýra rannsóknastofnunum innan Háskóla Íslands og þrjár eru forstöðumenn annarra háskólastofnana. Eins og fyrr getur er engin kona í forsvari fyrir rannsóknastofnanir atvinnulífsins.

## Samantekt

Í þessum kafla eru dregnar saman tölur um hlut kvenna í stjórnkerfi rannsókna. Niðurstöður þeirrar samantektar eru að fleiri karlar en konur sitja í stjórnnum og ráðum á sviði rannsókna og vísinda. Þetta á einkum við um stjórnir opinberra rannsóknastofnana og háskólaráð nokkurra háskóla. Sums staðar hefur konum farið fjölgandi, t.d. í fagráðum og úthlutunarnefndum vísinda- og rannsóknasjóða.

## Helstu niðurstöður

Hér að framan hafa verið birtar upplýsingar um stöðu kvenna í vísindum á Íslandi. Á undanförunum árum hafa konur verið um helmingur þeirra sem stunda nám og útskrifast frá framhaldsskólum. Allt frá miðjum áttunda áratugnum hafa konur þó verið í meirihluta þeirra sem útskrifast með stúdentspróf. Nú eru konur um 60% nýstúdentar. Konur eru einnig í meirihluta þeirra sem stunda nám og útskrifast af sérskóla- og háskólastigi á Íslandi eða um 60%.<sup>53</sup> Á síðustu árum hefur verið boðið upp á framhaldsnám á háskólastigi á Íslandi. Skólaárið 1999/00 voru konur 67% þeirra sem luku háskólaprófi, fyrstu gráðu og 59% þeirra sem luku háskólaprófi með framhaldsgráðu. Upplýsingar eru ófullnægjandi um þá sem hafa lokið háskólamenntun erlendis.



Skýring: Fyrirmynd þessa myndrits er fengin úr ETAN - skýrslunni („Scissors diagram“).  
Heimild: Hagstofa Íslands.

<sup>53</sup> Hluti þessa munar er e.t.v. sá að greinar sem áður voru á sérskólastigi s.s. hjúkrun og kennaramenntun hafa færst á háskólastig. Konur eru enn í miklum meirihluta þeirra sem sækja nám í þessum greinum. Iöngreinar sem karlar hafa stundað hafa ekki í sama mæli færst á háskólastig.

Verulegt brottfall kvenna kemur í ljós þegar skoðaðar eru tölur um þá sem útskrifast með æðri menntagráður. Þegar litið er á tölur um menntun þeirra sem starfa í rannsóknum og þróun kemur í ljós að konur eru síður en karlar með doktorspróf sem í vaxandi mæli er lykill að störfum á sviði rannsókna og vísinda. Það er í samræmi við lauslega athugun, sem skýrt var frá í fjórða kafla. Þar kom fram að á tímabilinu 1990-2000 voru konur fjórðungur þeirra sem luku doktorsprófi. Vert er að rifja upp að tölur um þá sem ljúka námi erlendis eru ekki tæmandi. Konur eru í miklum minnihluta í æðstu stöðum háskólanna. Þær voru aðeins 9% prófessora, 29% dósentar og 52% lektora haustið 2000.

Tölur sýna að námsval er enn kynbundið. Konur eru t.d. í meirihluta nemenda á sviði uppeldisfræða, heilbrigðisgreina, hugvísinda, félagsvísinda og lögfræði. Karlar eru hins vegar í meirihluta nemenda í stærðfræði, verkfræði og tæknigreinum.

Karlar eru í meirihluta þeirra sem starfa við rannsóknir og þróun. Þetta á við um æðri menntastofnanir, opinberar rannsóknastofnanir og íslensk fyrirtæki. Karlar eru einnig í meirihluta þeirra sem sækja um og fá styrki úr íslenskum rannsóknasjóðum. Hins vegar eru konur sem sækja um styrki jafnlíklegar og karlar til að hljóta styrki. Það er í samræmi við vísbendingar sem gefa til kynna að rannsóknavirkni kvenna sé svipuð rannsóknavirkni karla.

Í æðstu yfirstjórn ríkisins á sviði vísinda og mennta er hlutur kvenna víða rýr. Fleiri karlar en konur sitja í stjórnnum og ráðum sem hafa áhrif á stefnumótun á sviði rannsókna og vísinda. Þetta á við um stjórn RANNÍS, stjórnir opinberra rannsóknastofnana og háskólaráð nokkurra háskóla. Sums staðar hefur konum farið fjölgandi, t.d. í fagráðum og úthlutunarnefndum vísinda- og rannsóknasjóða.

Líkt og almennt gerist innan Evrópusambandsins og í löndum sem tengdust fimmtu rammaáætluninni, er ljóst að hlutur kvenna í vísindum á Íslandi er rýrari en karla. Ætla má að líkt og annars staðar sé kynferði ein af þeim breytum sem hefur haft mikil áhrif á tækifæri fólks í vísindasamfélaginu. Sem leið til að efla vísindin og nýsköpun hljóta Íslendingar ekki síður en aðrir að leggja áherslu á að fjölga konum sem leggja fyrir sig vísindi og rannsóknir. Hér að neðan er vikið að nokkrum þeim þáttum sem stuðlað geta að fjölgun kvenna í vísindum.

## Leiðir til að fjölga konum í vísindum

### Markmið (e. targeting)

